

# KYNFERÐISLEGT OFBELDI GEGN BÖRNUM

Úttekt á kennsluháttum í íslenskum  
háskólum

Úttekt gerð af Valgarði Reynisyni fyrir



**Barnaheill**  
Save the Children Iceland

sumarið 2007

<b>INNGANGUR</b>	<b>2</b>
<b>HÁSKÓLI ÍSLANDS</b>	<b>5</b>
FÉLAGSVÍSINDAEILD.....	5
<i>Félagsfræðiskor</i> -----	5
<i>Félagsráðgjafarskor</i> -----	7
<i>Uppeldis- og menntunarfræðiskor</i> -----	11
<i>Sálfræðiskor</i> -----	12
<i>Náms- og starfsráðgjöf</i> -----	14
GUÐFRÆÐIDEILD.....	15
HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD .....	16
LAGAEILD.....	19
LÆKNAEILD.....	22
<b>HÁSKÓLINN Á AKUREYRI</b>	<b>24</b>
HEILBRIGÐISDEILD.....	24
<i>Hjúkrunarfræði</i> -----	24
<i>Iðjubjálfun</i> -----	26
KENNADEILD .....	27
<i>Leikskólabraut</i> -----	27
<i>Grunnskólabraut</i> -----	28
<i>Framhaldsbraut</i> -----	29
FÉLAGSVÍSINDA OG LAGAEILD.....	30
<i>Sálfræðibraut</i> -----	30
<i>Lögfræðibraut</i> -----	31
<b>HÁSKÓLINN Á BIFRÖST</b>	<b>32</b>
LAGAEILD.....	32
<b>HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK</b>	<b>34</b>
LAGAEILD.....	34
KENNSLUFRÆÐI OG LÝÐHEILSUDEILD.....	36
<b>KENNAHAHÁSKÓLI ÍSLANDS</b>	<b>38</b>
KENNAABRAUT.....	38
ÞROSKAÞJÁLFA OG TÓMSTUNDAABRAUT.....	40
ÍÞRÓTTA- OG HEILSUBRAUT .....	41
<b>LÖGREGLUSKÓLI RÍKISINS</b>	<b>43</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARINNAR</b>	<b>48</b>
<i>Háskólastig á Íslandi – hver ákveður hvað er kennt og hvað ekki?</i> -----	49
<b>TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA</b>	<b>51</b>
<b>HEIMILDIR</b>	<b>53</b>
<b>VIÐAUKI</b>	<b>56</b>

# Inngangur

Samkvæmt Barnasáttmála Sameiðudu þjóðanna og íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi. Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er því brot á lögum og alvarlegt brot á réttindum barna. Samkvæmt lögum er barn einstaklingur yngri en 18 ára.

Óbirt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur, yfirfélagsráðgjafa á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans, sýnir að 16,7% kvenna og 8,1% karla á Íslandi hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun sem börn. Í 77% tilvika áttu atvikin sér stað þegar börnin voru yngri en 13 ára og í 67% tilvika var um grófa eða mjög grófa misnotkun að ræða. Þessar niðurstöður veita innsýn í umfang þessara mála hér á landi og sýna að kynferðislegt ofbeldi hefur áhrif á líf fjölmargra einstaklinga í íslensku samfélagi.<sup>1</sup>

Töluverð fjölmiðlaumfjöllun hefur verið hérlendis um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á undanförunum árum og skilningur samfélagsins og þekking á alvarleika afleiðinga kynferðisbrota hefur aukist á þessum tíma sem og vilji til að takast á við vandann.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa um árabil unnið að málefnum tengdum kynferðislegu ofbeldi á börnum. Frá árinu 2001 hafa samtökin tekið þátt í alþjóðlega samstarfsverkefninu *Stöðvum barnaklám á Netinu*. Verkefnið hefur verið styrkt af Safer Internet áætlun Evrópusambandsins og opinberum aðilum þ.á.m. félagsmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, dómsmálaráðuneyti, Akureyri, Kópavogsbæ, Reykjanesbæ, Seltjarnarnesbæ og fleiri sveitarfélögum. Aðrir sem styrkt hafa verkefnið eru Icelandair, Microsoft Íslandi, Opin kerfi, Vodafone, síminn og styrktarfélagar Barnaheilla. Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri hlutaðeigandi aðila á þætti Netsins í kynferðislegu ofbeldi á börnum og að þrýsta á að íslensk stjórnvöld axli ábyrgð í þessum málaflokki hérlendis og á alþjóðavettvangi. Samstarf við þessa aðila er því mikilvægur þáttur í verkefninu. Hluti af verkefninu er

---

<sup>1</sup> Mbl.is 17.09.2002

ábendingalína á vef samtakanna sem gerir almenningi kleift að senda inn ábendingar ef vart verður við kynferðislegt ofbeldi á börnum á netinu.

Einn þáttur verkefnisins er könnun sem Barnaheill lét gera sumarið 2007.

Kannað var hvaða áherslur eru í kennslu um kynferðislegt ofbeldi fyrir verðandi fagfólk í menntamálum, í félags- og heilbrigðisþjónustu, í dómskerfinu og í löggæslu. Niðurstöður könnunarinnar liggja fyrir í þessu riti.

Fagfólk á fyrrnefndum sviðum er í lykilhlutverki hvað varðar forvarnir og fræðslu um kynferðislegt ofbeldi á börnum, hvað varðar þekkingu á einkennum barna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, hvað varðar meðferð og stuðning við börnin og foreldra þeirra og verðandi meðferðarúrræði og refsingu fyrir gerendur. Góður undirbúningur í námi hlýtur að vera ein af undirstöðum þess að vel takist til í vinnu fagfólks, börnum og samfélaginu til heilla.

Könnunina vann Valgarður Reynisson B.A í sagnfræði og kennari.

Leiðbeinendur hans voru Margrét Júlía Rafnsdóttir og Rán Ingvarsdóttir starfsmenn Barnaheilla. Ábyrgðarmaður verkefnisins er Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri Barnaheilla. Verkefnið fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Einnig var nýttur styrkur frá Landsbankanum - *Leggðu góðu málefni lið* í verkefnið. Ekki hefur áður verið gerð sambærileg úttekt á þessu sviði á Íslandi. Niðurstöður ættu að varpa ljósi á stefnu í kennsluháttum verðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvort þörf sé á breytingum á þessu sviði.

### **Tilgangur og nálgun**

Megintilgangur verkefnisins var að kanna stefnu hjá háskólastofnunum á Íslandi verðandi kennslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Hér er átt við háskólastofnanir sem mennta fagfólk til starfa í menntageiranum, félags- og heilbrigðisþjónustu, dómskerfinu og í löggæslu. Upphaflega var talið að unnt væri að afla nægra upplýsinga með því að gera fræðilega úttekt á kennsluskram allra háskólastofnanna á Íslandi sem mennta fagfólk á þessu sviði. Fljótlega varð ljóst að kennsluskrár háskólanna veita mjög takmarkaðar upplýsingar um hvað er raunverulega kennt í þeim námskeiðum sem skólarnir bjóða. Námskeiðslýsingar í kennsluskram voru oftast orðaðar þannig að ómögulegt var að sjá hvort einhver kennsla færi fram um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Þá var ákveðið að ræða við skorarformenn, brautarstjóra og/eða áhrifamikla kennara viðkomandi skora eða námsbrauta og fá þannig upplýsingar um hvaða námskeið væru líklegust til að fræða

nemendur um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Þá voru kennsluáætlanir námskeiðanna skoðaðar til að sjá að hversu miklu leyti viðkomandi námskeið fjallar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, hvaða námsefni er notað o.fl.

Upplýsinga var því aflað í kennsluskrá háskólanna, kennsluáætlunum námskeiða og með viðtölum við kennara og stjórnendur þeirra brauta og skora sem um ræðir. Ákveðið var að fjalla einungis um þau námskeið sem fjalla með beinum hætti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Það má t.d. færa rök fyrir því að námskeið sem kennir viðtalstækni gagnist kennurum og öðrum þeim sem vinna með börnum vel þegar grunur vaknar um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Hinsvegar er þar ekki um beina kennslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum að ræða og því ekki fjallað um slík námskeið.

Megin rannsóknarspurningin var: *Hvað er kennt um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og í hvaða greinum?* Skoðað var innan hvaða námskeiða kennsla fer fram, hverjar eru megináherslurnar og hvaða kennsluefni er stuðst við. Samanburður var síðan gerður á inntaki námskeiða og kennslu innan háskólastofnanna, og milli þeirra eftir því sem kostur var. Markmiðið var að kanna stöðuna í menntun fagstétta um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, að koma af stað umræðu um þau mál og stuðla að breytingum ef þörf væri á.

Þeir skólar sem könnunin nær til eru allir stærstu háskólar Íslands: Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst, auk Lögregluskóla ríkisins. Eðli málsins samkvæmt voru einungis skoðaðar þær deildir innan háskólanna sem mennta fagfólk sem kemur til með að vinna með börnum eða að málefnum þeirra. Þar má t.d. nefna félagsvísindaeildir, lagadeildir, hjúkrunarfræðideildir háskólanna og læknadeild og guðfræðideild Háskóla Íslands. Innan hvernar deildar geta svo verið margar brautir eða skorir og koma þær viðfangsefni rannsóknarinnar mis mikið við.

Hér á eftir verður farið yfir þau námskeið sem fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í hverjum skóla og hverri skor eða braut fyrir sig. Fyrst verða námskeiðin talin upp ásamt helstu upplýsingum og samantekt um hvert námskeið. Síðan er staða mála í hverri skor eða braut metin og að lokum eru heildar niðurstöður og tillögur til úrbóta.

# Háskóli Íslands

Í Háskóla Íslands verður fjallað um nám innan félagsvísindadeildar, lagadeildar, læknadeildar, hjúkrunarfræðideildar og guðfræðideildar.

## Félagsvísindadeild

Innan félagsvísindadeildar Háskóla Íslands eru margar skorir en hér verður einungis fjallað um félagsfræðiskor, félagsráðgjafarskor, sálfræðiskor, uppeldis- og menntunarfræðiskor og náms- og starfsráðgjöf.

## Félagsfræðiskor

**Námskeið:** Félagsfræði frávikshegðunar  
(10.04.04)

**Kennarar:** Helgi Gunnlaugsson og Árni Fannar Sigurðsson.

**Námsefni:** Thio, Alex (2006). Deviant Behavior. 8. útgáfa, Pearson. (kaflí 5)

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Kynferðisbrot; (Möguleg ritgerðarverkefni: nauðgun og misnotkun á börnum; heimilisofbeldi).

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Nei

-Í kennsluáætlun: Já

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vor 2007


**Einingafjöldi:** 4

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið

**Samantekt:** Í námskeiðinu er fjallað um ýmis konar frávikshegðun, þar á meðal kynferðislegt ofbeldi. Um félagsfræðilega nálgun er að ræða, þar sem ekki er endilega gert ráð fyrir því að nemendur muni starfa náið með börnum. Umfjöllun um frávik í námskeiðinu felst í „Söguleg[ri] greining[u] á nálgun vesturlandabúa til frávika út frá forsendum samskiptakenninga/fyrirbærafræðinnar.”<sup>2</sup>

Það sem vekur einna mesta athygli er að þegar lesefnislistinn í kennsluáætlun er skoðaður kemur í ljós að kaflanum, sem fjallar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í kennslubókinni, er sleppt og er ekki til prófs. Helgi Gunnlaugsson, annar

<sup>2</sup> Kennsluáætlun námskeiðsins Félagsfræði frávikshegðunar.



kennara námskeiðsins, sagði hinsvegar að hann finndi fyrir miklum áhuga meðal nemenda á kynferðisbrotum gegn börnum. Það sæist t.d. á því hversu mikill fjöldi nemenda veldi að fjalla um viðfangsefnið í ritgerðarluta námskeiðsins.<sup>3</sup>

**Námskeið: Afbrotafraði (10.04.21)**

**Kennarar:** Helgi Gunnlaugsson.

**Námsefni:**

1. Reid, Sue Titus (2006). Crime and Criminology, 11. útgáfa. McGraw-Hill.
2. Helgi Gunnlaugsson og J. F. Galliher (2000). Wayward Icelanders: Punishment, Boundary Maintenance and the creation of crime. University of Wisconsin Press.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Kynferðisbrot; (Möguleg ritgerðarverkefni: kynferðisbrot, vændi, klám).

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Já

-Í kennsluáætlun: Já

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Hausti 2007

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið

**Samantekt:** Hluti námskeiðsins fjallar um ofbeldisbrot og kynferðisbrot og er fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum innan þess hluta. Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er því ekki í forgrunni í þessu námskeiði. Nemendur valið að fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í námskeiðsritgerðum sínum og mun það vera nokkuð vinsælt efni. Helgi Gunnlaugsson, skórarformaður félagsfræðiskorar, tekur fram að hlutverk félagsfræðinnar varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er ekki að búa fólk undir að starfa með börnum heldur að skapa fræðilegan þekkingargrundvöll sem aðrar greinar geta byggt á. Horft er á viðfangsefnið út frá samfélagslegum forsendum en ekki út frá einstaklingum<sup>4</sup>.

**Niðurstaða / mat**

Tvö námskeið í félagsfræðiskor fjalla með einhverjum hætti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Það er þó ekki aðalumfjöllunarefni námskeiðanna heldur einungis hluti af stærra samhengi, sem er kannski eðlilegt miðað við aðkomu félagsfræðinnar að málaflokknum. Helgi Gunnlaugsson segir að sívaxandi áhugi sé á fræðilegri umræðu

---

<sup>3</sup> Viðtal við Helga Gunnlaugsson, skórarformann félagsfræðiskorar.

<sup>4</sup> Viðtal við Helga Gunnlaugsson; Kennsluáætlun námskeiðsins Afbrotafraði.

um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum meðal nemenda. Það sé í takt við þær breytingar sem hafa orðið á viðhorfi almennings til málaflokksins. Áhugi nemenda á viðfangsefninu sést vel á þeim fjölda nemenda sem velja að skrifa námskeiðs- og lokaritgerðir um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Mjög auðvelt sé fyrir áhugasama að dýpka sig og læra meira um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum en skyldulesefni námskeiðanna býður upp á<sup>5</sup>.

Það mætti ef til vill gagnrýna félagsfræðiskor fyrir að svara ekki auknum áhuga nemenda á fræðilegri umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum betur. Einhverjir gætu þó bent á að viðfangsefnið sé þess eðlis að það sé betra að þeir sem hafa mikinn áhuga geti fjallað um það sérstaklega í námskeiðsritgerðum frekar en að fjalla of mikið um það í kennslustundum. Hinsvegar er ástæða til að benda á að nánast engin umfjöllun er um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á framhaldsstigi félagsfræðiskorar sem mætti eflaust bæta úr.

## Félagsráðgjafarskor

**Námskeið:** Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum (10.06.09)

**Kennarar:** Freydís Jóna Freysteinsdóttir, Anni G. Haugen og Sigurveig H. Sigurðardóttir.

**Námsefni:**

1. Miller-Perrin, C.L. og Perrin, R.D. (2007). *Child Maltreatment: An Introduction*. Kafli 4, bls. 111-139. London: SAGE publications.
2. Burn, M.F. og Brown, S. (2006). A review of the cognitive distortions in child sex offenders: An examination of the motivations and mechanisms that underlie the justifications for abuse. [Rafræn útgáfa]. *Aggression and violent behavior*, 11, 225-236.
3. Catherin, I (2000). Incest, „paedophilia”, pornography and prostitution. Conceptualizing the connection. Í C. Itzin (Ritstjóri). *Home, truths about child sexual abuse influencing policy and practice a reader* (bls. 87-100). London: New York Routledge.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Já

-Í kennsluáætlun: Já

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vor 2007

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið (Einnig valnámskeið í tólmstundafræði).

---

<sup>5</sup> Viðtal við Helga Gunnlaugsson.



**Samantekt:** . Eins og titill námskeiðsins gefur til kynna fjallar það ekki aðeins um kynferðislegt ofbeldi heldur einnig annarskonar ofbeldi og vanrækslu innan fjölskyldunnar. Þó má nefna að af þeim námskeiðum sem nefnd eru í þessari könnun er námskeiðið *Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum* eitt þeirra sem fjallar hvað mest um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Áhersluna á kynferðislegt ofbeldi gegn börnum má vel merkja á því að hugtökin kynferðislegt ofbeldi, nauðgun og sífjaspell eru öll nefnd í kennsluskrá. Einnig fjallar nokkuð af lesefni námskeiðsins eingöngu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Sérstaklega má nefna grein Burn og Brown sem fjallar um gerendur kynferðisbrota gegn börnum. Nánast engin önnur merki um skyldulesefni sem fjallar sérstaklega um gerendur kynferðisbrota fundust við gerð þessarar könnunar, sem gerir þetta námskeið, og lesefni þess, enn mikilvægara.

**Námskeið:** Velferð barna – Barnavernd (10.06.20)

**Kennarar:** Freydís Jóna Freysteinsdóttir.

**Námsefni:**

1. Barker, J. og Hodges, D. (2004). *The child in mind: A child protection handbook*. New York: Routledge.
2. Freydís J. Freysteinsdóttir. (2005). Áhættuþættir ofbeldis og vanrækslu barna. Í Dagný Kristjánsdóttir, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, Rannveig Traustadóttir og Þórhallur Örn Guðlaugsson. *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (bls. 135-142). Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Barnavernd; börn sem þolendur og gerendur; hvenær ber að tilkynna?; áhættuþættir misbrests í uppeldi barna.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Haust 2006

**Einingafjöldi:** 1

**Tegund:** Grunnám og valnámskeið (Skyldunámskeið í tómstundafræði).

**Samantekt:** Þetta námskeið er ein eining, eða 8,5 klst með hléum, og er allt námskeiðið kennt á tveimur dögum . Nemendur skila síðan verkefni sem gildir 100% af lokaeinkunn. Fjallað er um öll helstu mál sem fólk sem vinnur með börnum þarf að

vita. Þar á meðal tilkynningarskyldu, áhættuþætti og einkenni barna sem hafa verið beitt ofbeldi s.s.kynferðislegu ofbeldi.

Námskeiðið er valnámskeið fyrir nema í félagsvísindadeild en er skyldunámskeið í tólmstundafræði sem boðið er upp á í framhaldsnámi. Ekki er gert ráð fyrir að nemar í félagsráðgjöf sækji námskeiðið þar sem farið er mun nánar í efni námskeiðsins í öðrum greinum í félagsráðgjafarskor.

**Námskeið:** Félagsmálalöggjöf III (10.06.41)

**Kennarar:** Anni Guðný Haugen og Freydís J. Freysteinsdóttir.

**Námsefni:**

1. Anni G. Haugen (1999). Barnaverndarstofa. *Uppeldi*, 12 (2), 18-19.
2. Bragi Guðbrandsson (1995). Vanmáttug barnavernd – nauðsynlegar úrbætur. *Ritröð Barnaheilla*, 1, 34-39.
3. Dubowitz & DePanfilis (Ed.) (2000). *Handbook for Child Protection Practice*.
4. Hrefna Friðriksdóttir (1995). Börn og réttarkerfið – Viðhorf og staða barna. *Ritröð Barnaheilla*, 1- 55-59.
5. Vigdís Erlendsdóttir (1999). Barnahús: Hlutverk þess og starfsemi. *Ritröð Barnaheilla*, 4, 63-67.
6. Ragna Björg Guðbrandsdóttir (1999). Rannsóknarviðtal í Barnahúsi – nokkur atriði sem gera rannsókn kynferðisbrota erfiða. *Ritröð Barnaheilla*, 4, 69-75.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Barnavernd; uppbygging barnaverndarkerfisins; tilkynningarskyldan.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Já

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vor 2007 (var þá félagsmálalöggjöf II).

**Einingafjöldi:** 4

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Í þessu námskeiði er barnaverndarlöggjöfin í fyrirúmi. Fjallað er um refsirétt, dómskerfið, mat/greiningu, þvingunar/stuðningsúrræði og aðkomu lögreglu að barnaverndarmálum. Farið er sérstaklega yfir hvernig könnun barnaverndarmála fer fram og má þar nefna greinina *Rannsóknarviðtal í Barnahúsi – Nokkur atriði sem gera rannsókn kynferðisbrota erfiða*.

Ekki er einblínt á kynferðislegt ofbeldi í námskeiðinu, heldur fjallað um barnavernd almennt og oft tekin dæmi þar sem börn hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi til nánari útskýringar. Nemendur námskeiðsins fara jafnframt í kynnisferðir á nokkrar stofnanir, s.s. Barnaverndarstofu, Barnahús, Kvænnaathvarf og Stuðla.

**Námskeið:** Fjölskyldur og fjölskyldustefna (10.06.13)

**Kennarar:** Anni G. Haugen og Guðný Björk Eydal

**Námsefni:**

1. Newman, D.M. og Graueholz, L. (2002). *Sociology of Families*. Kafli 10. Intimate Violence. Bls. 395-436. London: Pine Forge Press.
2. Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2004). Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: Helstu áhættuþættir. Í Rannsóknir í félagsvísindum V, Friðrik H. Jónsson (ritstj.), bls. 315-324. Reykjavík: Háskóla útgáfan.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Fjölskylduofbeldi

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vor 2007

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið

**Samantekt:** Námskeiðið fjallar ekki mikið um kynferðislegt ofbeldi með beinum hætti. Hinsvegar er mikil almenn umfjöllun um velferð barna og fjölskyldu- og barnafélagsfræði. Einn námskeiðspátturinn, sem Freydís Jóna Freysteinsdóttir sá um þar til nýlega, fjallar um fjölskylduofbeldi og þar á meðal er umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

**Niðurstaða / mat**

Freydís Jóna Freysteinsdóttir er lektor í félagsrágjöf við Háskóla Íslands. Hún hélt fyrirlestur á ráðstefnu um kynferðislegt ofbeldi hjá félagsvísindadeild HÍ fyrir nokkrum árum. Í tengslum við þann fyrirlestur leitaði hún upplýsinga hjá skoraformönnum félagsvísindadeildar um stöðu einstakra greina. Hún hefur því góða sýn yfir kennslu um kynferðislegt ofbeldi innan deildarinnar, sem hún hefur nýtt til þess að bæta kennslu innan eigin skorar.

Freydís metur það svo að félagsráðgjafarskor sé „...eina greinin hérna við Háskóla Íslands sem fjallar nægilega vel um þetta málefni.”<sup>6</sup> Sú fullyrðing er í takt við niðurstöður þessarar rannsóknar. Nemendur annara skora og deilda hafa stundum tekið námskeið sem fjalla um kynferðislegt ofbeldi í félagsráðgjafarskor. Hún tekur

---

<sup>6</sup> Viðtal við Freydísi Jónu Freysteinsdóttur.

jafnframt fram að félagsráðgjafar, ásamt sálfræðingum og geðlæknum, sé sú stétt sem vinni hvað mest með börnum sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi og því sé eðlilegt að mikil áhersla sé á málaflokkinn.<sup>7</sup>

Þau námskeið sem fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í félagsráðgjafarskor eru vel skipulögð, skarast ekki mikið og taka á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum frá mörgum ólíkum hliðum og vinna því hvert með öðru.

## **Uppeldis- og menntunarfræðiskor**

Boðið er upp á tvennskonar nám í Uppeldis- og menntunarfræðiskor, annars vegar diplómanám til kennsluréttinda og hins vegar uppeldis- og kennslufræði til BA eða MA gráðu. Þeir sem stunda nám til kennsluréttinda hafa lokið BA/BS gráðu í einhverri háskólagrein áður en þeir hefja kennsluréttindanámið og stefna væntanlega flestir að því að kenna þá grein í grunn- eða framhaldsskóla. Þeir sem stunda nám í uppeldis- og menntunarfræði til BA eða MA gráðu starfa margir við forvarnir, fræðslu á ýmsum skólastigum, stjórnun, mat, þróunarstörf o.fl. Hér verður fjallað um námið í skorinni í heild þar sem ekki var tilefni til að fjalla um skorirnar sitt í hvoru lagi.

**Námskeið:** Fjölskyldan í nútímasamfélagi (10.03.32)

**Kennarar:** Sigurlína Davíðsdóttir o.fl.

**Námsefni:** Barnaverndarlög 80/2002 og barnalög 76/2003, *Social problems and the family*.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Ýmis frávik í fjölskyldulífi, svo sem ofbeldi.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Haust 2006

**Einingafjöldi:** 5

**Tegund:** Grunnám og Framhaldsnám, valnámskeið.

**Samantekt:** Sigurlína Davíðsdóttir, sem hefur umsjón með námskeiðinu, segir að ein kennslustund sé notuð í umfjöllum um ofbeldi gegn börnum sérstaklega. Námskeiðið fjalli um fjölskylduna í víðara samhengi, en mál eins og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sé fléttað inn í aðra umfjöllun í námskeiðinu.<sup>8</sup>

<sup>7</sup> Viðtal við Freydísi Jónu Freysteinsdóttur.

<sup>8</sup> Tölvupóstsamskipti við Sigurlínu Davíðsdóttur.

## Niðurstaða / mat

Eitt námskeið í uppeldis- og menntunarfræði fjallar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum að einhverju leyti. Það er valnámskeið og því geta uppeldis- og menntunarfræðingar sem útskrifast frá HÍ hugsanlega lokið námi sínu án þess að læra nokkuð um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Nemendur í kennsluréttindanámi stefna flestir á að kenna á unglingsstigi grunnskóla (8.-10. bekk), á framhaldsskólastigi eða að starfa með börnum á annan hátt og munu því vinna náið með unglingum á aldrinum 13-20 ára. Það kemur því e.t.v. nokkuð á óvart að nánast enga fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum var að finna í þeim námskeiðum sem þeim nemendum stendur til boða.

Í námskeiðinu *Áhættuhegðun unglinga* (10.53.02) er t.d. fjallað um vímuefnaneyslu unglinga, kynhegðun og skólagöngu. Námskeiðið *Unglingsárin* (10.53.70) fjallar m.a. um kynlíf unglinga, siðgæðisþroska og vandamál í lífi unglinga. Eitt af markmiðum námskeiðsins er jafnframt að kynna meðferðarmöguleika og stoðkerfi samfélagsins fyrir nemendum.

Þrátt fyrir þessa áherslu á heim unglingsins í uppeldis- og menntunarfræðiskor er lítil áhersla á barnavernd. Skólinn er sá staður þar sem börn og unglingar verja mestum tíma sínum utan heimilisins og því er mikilvægt að þeir aðilar sem eyða hvað mestum tíma með nemendum, kennararnir, þekki einkenni barna og unglinga sem hafa verið beitt ofbeldi og viti hvert eigi að vísa þeim.

Guðný Guðbjörnsdóttir, skorarformaður uppeldis- og menntunarfræðiskorar Háskóla Íslands, telur mjög eðlilegt að fjallað sé um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, og barnavernd almennt, í námskeiðum við skorina. „Ég held að miðað við þá athugun sem við gerðum núna að þá megi vafalaust gera betur.“ Nemendur sem hafa áhuga á viðfangsefninu geta fjallað um það í ritgerðum og verkefnum en varðandi umfjöllun í fyrirlesturum og kennslustundum námskeiða telur Guðný að þetta sé eitt af þessum atriðum sem mikill skilningur sé á en vilji oft falla á milli.<sup>9</sup>

## Sálfræðiskor

**Námskeið:** Réttarsálfræði (10.02.57)

**Kennarar:** Jón Friðrik Sigurðsson o.fl.

**Námsefni:** Fyrirlestur og greinar.

---

<sup>9</sup> Viðtal við Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Kynferðisbrot, kynferðisbrotamenn.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Nei

-Í kennsluáætlun: Já

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vor 2007

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Grunnám og valnámskeið.

**Samantekt:** Námskeiðið er kennt í 13 vikur og þar af er fjallað um kynferðisbrot gegn börnum í eina viku. Fjallað er um kynferðisbrot og kynferðisbrotamenn, með sérstakri áherslu á unglunga sem beita aðra kynferðislegu ofbeldi. Jón Friðrik Sigurðsson, ásamt öðrum<sup>10</sup>, hefur verið að vinna að rannsókn á kynferðisbrotum gegn börnum og er rannsóknin á lokastigi. Rannsóknina notar hann m.a. við kennslu í réttarsálfræði. Námskeiðið er valnámskeið í sálfræðiskor og var Jón Friðrik beðinn um að kenna það. Hann segist hafa haft frjálssar hendur um hvað hann kenndi og hafi ákveðið sjálfur að kenna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum vegna eigin áhuga og þekkingar á þessum málaflokki.<sup>11</sup>

### **Niðurstaða / mat**

Það er ljóst að frekar lítil kennsla fer fram um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum við sálfræðiskor. Jón Friðrik Sigurðsson dósent í læknadeild og forstöðusálfræðingur á geðsviði Landspítala-háskólasjúkrahúss og Ásgeir Haraldsson prófessor í barnalækningum eru hinsvegar sammála um að þessi mál séu í góðum farvegi. Sálfræðingar þekki einkenni barna sem hafa verið beitt ofbeldi almennt og séu meðvitaðir um tilkynningaskylduna. Þeir sálfræðingar sem meðhöndla fórnarlömb kynferðisbrota sérhæfi sig eftir að hefðbundnu námi ljúki og þá undir handleiðslu sérfræðinga á því sviði. Fræðsla þessara stétta sé því ekki mælanleg í könnun sem þessari, því þó að fræðslan fari að mjög takmörkuðu leyti fram innan hefðbundinna námskeiða hafi stéttin almennt góða þekkingu á þessum málum. Þekkingu sína öðlist sálfræðingar í gegnum daglegt starf sitt og á síðari námsstigum.<sup>12</sup>

Það er þó athyglisvert að engin meðvituð stefna virðist vera til staðar varðandi kennslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum eða barnavernd í sálfræðiskor.

<sup>10</sup> Þar á meðal er Bryndís Björk Ásgeirsdóttur sem kennir við kennslufræði- og lýðheilsudeild HR.

<sup>11</sup> Viðtal við Jón Friðrik Sigurðsson.

<sup>12</sup> Viðtal við Ásgeir Haraldsson; Viðtal við Jón Friðrik Sigurðsson.

## Náms- og starfsráðgjöf

**Námskeið:** Persónulegir og félagslegir erfiðleikar nemenda (10.30.08)

**Kennarar:** Sif Einarsdóttir.

**Námsefni:** Hremmingar, viðtöl um nauðgun, rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur, gefin út af Máli og menningu 1988.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Áföll og ofbeldi; nauðgun.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Nei

-Í kennsluáætlun: Já

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vor 2008 ? hvenær kennt síðast

**Einingafjöldi:** 5

**Tegund:** Framhaldsnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Vandamál nemenda geta verið af ýmsum toga, t.d. þunglyndi, áfengisneysla, brotin sjálfsmynd og átraskanir. Oft geta afleiðingar nauðgana og kynferðislegs ofbeldis birst í annarskonar vandamálum. Markmið námskeiðsins er að „Nemendur öðlist færni í því að bera kennsl á tiltekin vandamál nemenda, fjalli um forvarnastarf og ... kynnist starfi ... sálfræðinga, geðlækna og annarra meðferðaraðila...”<sup>13</sup> Námskeiðið er miðað að aðkomu námsráðgjafa að ýmsum vandamálum nemenda, þar á meðal vegna nauðgana og kynferðislegrar misnotkunar.

**Námskeið:** Starfsþjálfun (10.30.09)

**Kennarar:** Davíð Schiöth Óskarsson, Jónína Ólafsdóttir og Sif Einarsdóttir.

**Námsefni:** Vettvangsferðir.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Vantar.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Nei

-Í kennsluáætlun: Vantar

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** 2006-2007

**Einingafjöldi:** 5

**Tegund:** Framhaldsnám og skyldunámskeið.

---

<sup>13</sup> Kennsluáætlun námskeiðsins Persónulegir og félagslegir erfiðleikar nemenda.

**Samantekt:** Námskeiðið er kennt allt skólaárið og markmiðið er að „...tengja fræðilegt nám og starfsvettvang. Nemendur vinna undir handleiðslu starfandi námsráðgjafa.”<sup>14</sup> Meðal annars er farið í vettvangsferðir í Stígamót og Barnahús þar sem starfsemin er kynnt og málsmeðferð útskýrð.

### Niðurstaða /mat

Sif Einarsdóttir, dósent og formaður námsnefndar í náms- og starfsráðgjöf, bendir réttilega á að hlutverk náms- og starfsráðgjafa sé fyrst og fremst að þekkja einkenni þolenda kynferðisbrota og vísa þeim til sérfræðinga, en ekki að veita meðferð.<sup>15</sup> Námskeiðin tvö virðast sinna þeirri skyldu ágætlega.

Engu að síður mætti kennsla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum vera meiri, sérstaklega þegar haft er í huga að námsráðgjafar eru oft þeir fyrstu sem þolendur kynferðisbrota leita til. Hugsanlega mætti bjóða upp á valnámskeið þar sem nánar væri fjallað um sérstöðu fórnarlamba kynferðisbrota.

### Guðfræðideild

Kennsluáætlanir námskeiða í guðfræðideild reyndust ekki aðgengilegar. Hinsvegar veitti Pétur Pétursson, prófessor í praktískri guðfræði, viðtal vegna rannsóknarinnar. Eftirfarandi umfjöllun er afrakstur viðtalsins og athugunar í kennsluskrá.

Þó hvergi sé minnst á kynferðislegt ofbeldi í kennsluskrá guðfræðideildar samkvæmt Pétri, er þó vikið að því í einhverjum námskeiðum. Sérstaklega í umræðum og tengslum við námsefni námskeiða eins og *Trúarlífsfélagsfræði* (01.53.00) og *Sálgæslufræði* (01.60.00). Umræða um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum fer t.d. mikið fram í sambandi við þagnarskyldu presta, en þagnarskyldan á þó ekki við í tilfellum þar sem um er að ræða kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Pétur segist ekki geta bent á sérstakt námsefni varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem notað sé við deildina. Hann nefnir þó að kvikmyndin *Priest*, sem fjallar um aðkomu presta að kynferðislegu ofbeldi, sé gjarnan sýnd í kennslustundum. Einnig er bæklingi frá kvennakirkjunni dreift til nemenda. Pétur telur að umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum mætti gjarnan vera meiri og nefnir sérstaklega að

---

<sup>14</sup> Kennsluskrá Háskóla Íslands:

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10300920080>

<sup>15</sup> Viðtal við Sif Einarsdóttur.



ekki sé til nægilegt framboð á námsefni sem fjalli um aðkomu presta og djákna að barnaverndarmálum.

Nemendur guðfræðideildar munu vera áhugasamir um hvernig taka beri á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og vekja gjarnan máls á því í tímum með reynslusögum. Sumir velja jafnframt að fjalla um viðfangsefnið í ritgerðum.<sup>16</sup>

Í ljósi áhuga nemenda og mikilvægis þess að prestar og djáknar þekki einkenni barna sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi og viti hvert beri að vísa þeim, má ætla að ástæða sé til að auka fræðslu og setja formleg námsmarkmið varðandi kennslu um ofbeldi gegn börnum í guðfræðideild.

## Hjúkrunarfræðideild

**Námskeið:** Heilsugæsla samfélagsins (11.14.14-016)

**Kennarar:** Brynja Örlygsdóttir og Stefanía Arnardóttir.

**Námsefni:**

1. Erla Kolbrún Svavarsdóttir (2006). Konur sem lifa í stöðugum ótta: Hjúkrun gegn ofbeldi. Í Helga Jónsdóttir (Ritstj.), *Frá innsæi til inngrípa. Þekkingarþróun í hjúkrunar og ljósmóðurfraði* (bls. 107-124). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
2. Erla Kolbrún Svavarsdóttir (1999). Ofbeldi í fjölskyldum. Að búa við vanlíðan af hendi sinna nánustu. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 3, 75, 153-157.

**Ítarefni:**

1. Hyman, B.(2000). The economic consequences of child sexual abuse for adult lesbian women. *Journal of Marriage and Family*, 62, 199-211.
2. Messman-Moore, T.L., & Brown, A.L. (2004). Child maltreatment and perceived family environment at risk factors for adult rape: Is child sexual abuse the most salient experience? *Child abuse and neglect*, 28, 1019-1034.
3. Sirotnak, A. P., & Krugman, R. D. (1994). Physical abuse of children: An update. *Pediatrics in Review*, 15(10), 394-399.
4. Kahr, B. (1991). The sexual molestation of children: Historical perspectives. *The Journal of Psychohistory*, 19(2), 191-214.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Heimilisofbeldi.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

---

<sup>16</sup> Viðtal við Pétur Pétursson.

**Síðast kennt:** Haust 2006

**Einingarfjöldi:** 4

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Erla Kolbrún Svavarsdóttir, deildarforseti hjúkrunarfræðideildar, leggur áherslu á að ekki sé hægt að slíta málaflokk eins og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum úr samhengi við annað ofbeldi. Hún segir t.d. að þeir sem beita kynferðislegu ofbeldi beiti gjarnan annarskonar ofbeldi líka og að ofbeldi gegn móður hafi mikil áhrif á börn hennar með beinum og óbeinum hætti.<sup>17</sup>

Námskeiðið *Heilsugæsla samfélagsins* er eina námskeiðið á BS stigi hjúkrunarfræðideildar sem fjallar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Námskeiðið er nokkuð fjölbreytt og fjallar ekki um ofbeldi nema að hluta til. Samkvæmt kennsluáætlun eru tveir 70 mínútna fyrirlestrar (af 17 fyrirlestrum alls) ætlaðir í umfjöllun um heimilisofbeldi og fellur kynferðislegt ofbeldi gegn börnum undir þá kennslu. Það námsefni sem virðist fjalla með beinum hætti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, af titlum greinanna að dæma, er jafnframt ítarefni en skyldulesefnið virðist fjalla um ofbeldi í víðari skilningi.<sup>18</sup> Það er því vissulega fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í námskeiðinu þó svo að það sé ekki í forgrunni.

**Námskeið:** Klínísk færni í fjölskylduhjúkrun (11.16.74)

**Kennarar:** Erla Kolbrún Svavarsdóttir.

**Námsefni:**

1. McFarlane, J. o.fl. (2005). Intimate Partner Sexual Assault Against Women: Frequency, Health Consequences, and Treatment Outcomes. *The American College of Obstetricians and Gynecologists*, 105, (1) 99-108.
2. Chang, J.C. (2005). Health Care Interventions for Intimate Partner Violence: What Women Want. *Women's Health Issues*, 15, 21-30.
3. Messman-Moore, T.L., & Brown, A.L. (2004). Child maltreatment and perceived family environment at risk factors for adult rape: Is child sexual abuse the most salient experience? *Child abuse and neglect*, 28, 1019-1034.
4. Colman, R.A., & Widom, C. S. (2004). Childhood abuse and neglect and adult intimate relationships: a prospective study. *Child Abuse and Neglect* 28, 1133-1151.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Ofbeldi í fjölskyldum; áhrif og afleiðingar; viðbrögð og meðferð hjúkrunarfræðinga við þolendur ofbeldis.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

**-Í kennsluskrá:** Nei

---

<sup>17</sup> Viðtal við Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur.

<sup>18</sup> Kennsluáætlun námskeiðsins *Heilsugæsla samfélagsins*.

**-Í kennsluáætlun:** Já

**-Í umfjöllun kennara eða námsefni:** Já

**Síðast kennt:** Hausti 2005

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Framhaldsnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Líkt og í námskeiðinu *Heilsugæsla samfélagsins*, fjallar *Klínísk færni í fjölskylduhjúkrun* almennt um fjölskylduna og er ofbeldi, þ.á.m. kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, tveir 70 mínútna fyrirlestrar (af 17 fyrirlestrum alls). Í skyldunámsefninu er fjallað um kynferðislegt ofbeldi innan fjölskyldunnar og eru sérstakar greinar sem fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.<sup>19</sup>

**Námskeið:** Fjölskylduvernd (11.16.86)

**Kennarar:** Erla Kolbrún Svavarsdóttir og Marga Thome.

**Námsefni:**

1. McFarlane, J. o.fl. (2005). Intimate Partner Sexual Assault Against Women: Frequency, Health Consequences, and Treatment Outcomes. *The American College of Obstetricians and Gynecologists*, 105, (1) 99-108.
2. Messman-Moore, T.L., & Brown, A.L. (2004). Child maltreatment and perceived family environment at risk factors for adult rape: Is child sexual abuse the most salient experience? *Child abuse and neglect*, 28, 1019-1034.
3. Colman, R.A., & Widom, C. S. (2004). Childhood abuse and neglect and adult intimate relationships: a prospective study. *Child Abuse and Neglect* 28, 1133-1151.
4. Gerður Kristný (2005). Myndin af pabba: Saga Thelmu.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Ofbeldi í fjölskyldum: áhrif og afleiðingar, viðbrögð hjúkrunarfræðinga við þolendur ofbeldis; reynsla af því að vera þolandi ofbeldis.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

**-Í kennsluskra:** Nei

**-Í kennsluáætlun:** Já

**-Í umfjöllun kennara eða námsefni:** Já

**Síðast kennt:** Vor 2006

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Framhaldsnám og skyldunámskeið/valnámskeið

**Samantekt:** Námskeiðið er svipað og hin námskeiðin að því leyti að umfjöllun um ofbeldi er hluti af almennri umfjöllun um fjölskylduvernd. Þegar námskeiðið var kennt síðast var Thelma Ásdísardóttir fengin til að halda fyrirlestur þar sem hún

---

<sup>19</sup> Kennsluáætlun námskeiðsins *Klínísk færni í fjölskylduhjúkrun*.

fjallaði m.a. um sína reynslu af því hvernig skólahjúkrunarfræðingar snéru sér í máli hennar og hvernig bæta mætti aðkomu hjúkrunarfræðinga að slíkum málum.<sup>20</sup>

## Niðurstaða /mat

Erla Kolbrún Svavarsdóttir, deildarforseti hjúkrunarfræðideildar, segir að lítil sem engin kennsla um ofbeldi hafi verið í deildinni áður en hún byrjaði að kenna þar árið 1997. Erla lauk doktorsnámi í fjölskylduhjúkrun erlendis það ár og hafði m.a. skrifað bókarkafla um ofbeldi. Hún hefur því síðastliðinn áratug lagt aukna áherslu á umfjöllum um ofbeldi, þar á meðal kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, í hjúkrunarfræðideild.<sup>21</sup>

Hér hafa verið nefndir þrír áfangar sem fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Þessir áfangar fjalla allir almennt um fjölskylduna og kennsla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er því aðeins einn hluti kennslunnar. Námsefnið er jafnvel að einhverju leyti það sama í áföngunum. Þeir eru hinsvegar ekki kenndir árlega og því er minni hætta á skörun. Nægilegt námsefni viðist vera í boði til þess að útbúa sérstakan áfanga um ofbeldi og vanrækslu í hjúkrunarfræðinni, en erfitt er að meta hvort það væri farsælla heldur en að vefa það inn í námskeið sem fjallar um fjölskylduhjúkrun á breiðari grundvelli. Erla tekur sérstaklega fram að nemendur í deildinni hafi mikinn áhuga á að fræðast um kynferðislegu ofbeldi og annarskonar ofbeldi. Það sést á því að nemendur velja sér verkefni í námskeiðum og velja efni lokaverkefna sinna séu þessi umfjöllunarefni mjög vinsæl.<sup>22</sup> Þó að töluverð umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sé í hjúkrunarfræðideild, segir Erla að í ljósi mikilvægis málaflokksins væri hægt að gera betur og veita efninu meira rými í kennsluskrá.<sup>23</sup> Ekkert er minnst á það í kennsluskrá 2006-2007.

## Lagadeild

**Námskeið:** Kvinnaréttur (03.04.26)

**Kennarar:** Brynhildur G. Flóvenz.

**Námsefni:**

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Jafnréttislöggjöf; kynbundið ofbeldi; kynferðisbrot; heimilisofbeldi.

---

<sup>20</sup> Kennsluáætlun námskeiðsins *Fjölskylduvernd*.

<sup>21</sup> Viðtal við Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur.

<sup>22</sup> Viðtal við Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur.

<sup>23</sup> Viðtal við Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Já

-Í kennsluáætlun: Vantar

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vor 2006 (kennt annað hvert ár)

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Framhaldsnám og valnámskeið.

**Samantekt:** Námskeiðið *Kvennaréttur* tengist kynferðislegu ofbeldi gegn börnum ekki með jafn beinum hætti og mörg önnur námskeið. Meðal umfjöllunarefna í námskeiðinu er jafnréttislöggjöfin og launajafnrétti. Eitt umfjöllunarefnið (1/7) er „7. Kynbundið ofbeldi. Stutt grein gerð fyrir kynferðisbrotum og heimilisofbeldi”<sup>24</sup> Þar á meðal eru kynferðisbrot gegn börnum.

**Námskeið:** Refsiréttur II (03.03.25)

**Kennarar:** Jónatan Þórmundsson og Ragnheiður Bragadóttir.

**Námsefni:** *Afbrot og refsíabyrgð* I, II og III.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Refsiheimildir og refsinemi verknaðar; grundvallarreglan um saknæmi og afbrigðileg refsíabyrgð.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Nei

-Í kennsluáætlun: Já

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vor 2007

**Einingafjöldi:** 4

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Efni námskeiðsins er: „Réttarreglur um skilyrði refsíabyrgðar: Refsiheimildir og refsinemi verknaðar, skýring refsilaga, ólögmæti verknaðar og hlutrænar refsileysisástæður, grundvallarreglan um saknæmi og afbrigðileg refsíabyrgð...”<sup>25</sup> Sá hluti námskeiðsins sem fjallar að einhverju leyti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er þriðji hluti námskeiðsins: Skýring refsilaga (10 st), sem Ragnheiður Bragadóttir kennir. Í kennsluáætlun er einungis minnst á kynferðisbrot almennt en ekki sérstaklega minnst á kynferðisbrot gegn börnum, utan einu sinni þar sem orðið „sifjaspell” kemur fyrir. Ragnheiður, sem hefur skrifað töluvert um kynferðisbrot, sagði hinsvegar í viðtali að í kennslu sinni í námskeiðinu tæki hún oft

<sup>24</sup> Kennsluskra Háskóla Íslands:

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=03042620080>

<sup>25</sup> Kennsluskra Háskóla Íslands:

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=03032520080>

dæmi af kynferðisbrotum gegn börnum og veitti þeim málaflokki sérstaka athygli, auk þess sem nemendur væru oft áhugasamir um þann málaflokk. Kennarar leggja einnig raunhæf verkefni fyrir nemendur þar sem m.a. reynir á kynferðisbrot almennt og kynferðisbrot gegn börnum sérstaklega.

Ragnheiður segir að í þeim hluta námskeiðsins sem hún kennir og fjallar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum reyni hún að vekja athygli nemendanna á málefnum. Þannig hvetur hún nemendur til að velja sér námskeið sem eru á framhaldsstigi eins og *Kvennarétt* og *Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar*.<sup>26</sup>

**Námskeið:** Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar ( 03.04.16)

**Kennarar:** Ragnheiður Bragadóttir, Brynhildur G. Flóvenz og Beth Grothe Nielsen.

**Námsefni:** M.a.: Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*. Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2006 og Nielsen, Beth Grothe: *Straffesystemet i børneperspektiv – seksuelle overgreb mod børn i familien*. Kaupmannahöfn 2001.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Kynferðisbrot gegn börnum; heimilisofbeldi; vændi.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Já

-Í kennsluáætlun: Já

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Haust 2006

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Framhaldsnám og valnámskeið.

**Samantekt:** Í markmiðs- og efnislýsingu námskeiðsins segir m.a. „Fjallað verður um eftirfarandi þrjú brotaflokkar: 1. Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, 2.

Kynferðisbrot gegn börnum, 3. Vændi.”<sup>27</sup> Gestakennari á námskeiðinu undanfarin ár hefur verið Beth Grothe Nielsen, sem er einn helsti sérfræðingur Norðurlanda í refsíákvæðum og því lagaumhverfi sem tengist kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Sérstök áhersla er lögð á þróun laga um kynferðisbrot og litið gagnrýnum augum á refsíákvæði er varða kynferðisbrot.<sup>28</sup> Hér er því um að ræða námskeið sem undirbýr verðandi lögfræðinga vel undir að sinna skjólstæðingum, börnum og fullorðnum, sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi. Námskeiðið er valnámskeið, líkt og *Kvennaréttur*, sem þýðir að fræðsla stúdenta um þennan mikilvæga málaflokk er bundin áhuga þeirra sjálfra en er ekki hluti af þeirri þekkingu sem allir lögfræðingar

<sup>26</sup> Viðtal við Ragnheiði Bragadóttur.

<sup>27</sup> Kennsluáætlun námskeiðsins *Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar*.

<sup>28</sup> Viðtal við Ragnheiði Bragadóttur.

sem útskrifast úr lagadeild HÍ eiga að búa yfir. Námskeiðið hefur verið ágætlega sótt en hefur verið heldur vinsælla meðal kvenna en karla. Haustið 2006 voru einungis sex karlmenn sem sóttu námskeiðið, en 23 konur.<sup>29</sup>

### **Niðurstaða / mat**

Ragnheiður Bragadóttir er meðal þeirra lögfræðinga á Íslandi sem hafa einna mesta þekkingu á kynferðisbrotum. Í mars 2007 voru t.a.m. samþykkt ný lög á alþingi um málflokkinn, sem dómsmálaráðherra hafði falið henni að semja. Starf Ragnheiðar í lagadeild HÍ skilar sér því út í samfélagið í formi fræðslu fyrir tilvonandi lögfræðinga og til endurbóta á löggjöfnni. Erlendur sérfræðingur og aðrir kennarar deildarinnar fjalla einnig um kynferðisbrot gegn börnum en segja mætti að Ragnheiður hafi unnið ákveðið frumkvöðlastarf innan deildarinnar og komið þesum málaflokki á kortið. Námskeiðið *Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar* var fyrst kennt árið 1999.<sup>30</sup>

Hugsanlegt er að minnst sé á kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í öðrum námskeiðum en þeim sem hér hafa verið nefnd. Í *Refsirétti I* er t.d. fjallað um afbrot og refsíabýrgð en ekki sérstaklega um kynferðisbrot gegn börnum, ekkert er minnst á málaflokkinn í kennsluáætlun áfangans.

Aðaláherslan í lagadeild er eðlilega á lagalegar hliðar kynferðisbrota. Í námskeiðinu *Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar* er einnig fjallað um meðferð og meðferðarúrræði bæði fyrir þolendur og gerendur. Velt er upp spurningunni hvaða lausn felist í refsivist afbrotamanna og sérstöðu kynferðisbrota gerð skil. Ragnheiður segir að nokkuð sé um að nemendur úr öðrum deildum, t.d. guðfræðideild og félagsvísindadeild, hafi sótt námskeið eins og *Kvennarétt og Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar*.<sup>31</sup> Það er jákvætt og sýnir að þeir nemendur sem vilja öðlast þekkingu á kynferðisbrotum geta sótt sér námskeið utan sinnar deildar.

## **Læknadeild**

**Námskeið:** Barnalæknisfræði (02.01.55)

**Kennarar:** Ásgeir Haraldsson og Jón R. Kristinsson.

**Námsefni:** Fyrirlestrar, barnalög, barnaverndarlög.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Ofbeldi gegn börnum, lög er varða börn og slys hjá börnum.

<sup>29</sup> Viðtal við Ragnheiði Bragadóttur.

<sup>30</sup> Sama.

<sup>31</sup> Viðtal við Ragnheiði Bragadóttur.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Haust 2006

**Einingafjöldi:** 6

**Tegund:** Grunnám

**Samantekt:** Tvær kennslustundir námskeiðsins, af 25 alls, fjalla um ofbeldi gegn börnum og lagalegar skyldur lækna þegar slík mál koma upp. Námskeiðið er kennt í smáum hópum ár hvert.

**Niðurstaða / mat**

Það er ljóst að frekar lítil kennsla fer fram um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í læknaeild. Jón Friðrik Sigurðsson dósent í læknaeild og forstöðusálfræðingur á geðsviði Landspítala-háskólasjúkrahúss og Ásgeir Haraldsson prófessor í barnalækningum eru hinsvegar sammála um að þessi mál séu í góðum farvegi. Læknar þekki einkenni barna sem hafa verið beitt ofbeldi almennt og séu meðvitaðir um tilkynningaskylduna. Þeir læknar sem meðhöndla fórnarlömb kynferðisbrota sérhæfi sig eftir að hefðbundnu námi ljúki og þá undir handleiðslu sérfræðinga á því sviði. Fræðsla þessara stétta sé því ekki mælanleg í könnun sem þessari, því þó að fræðslan fari að mjög takmörkuðu leyti fram innan hefðbundinna námskeiða hafi stéttin almennt góða þekkingu á þessum málum. Þekkingu sína öðlist læknar í gegnum daglegt starf sitt og á síðari námsstigum.<sup>32</sup> Það er þó athyglisvert að engin meðvituð stefna virðist vera til staðar varðandi kennslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum eða barnavernd læknaeild.

---

<sup>32</sup> Viðtal við Ásgeir Haraldsson; Viðtal við Jón Friðrik Sigurðsson.



# Háskólinn á Akureyri

Fjallað verður um kennslu innan heilbrigðisdeildar, kennaradeildar og félagsvísinda- og lagadeildar.

## Heilbrigðisdeild

Innan heilbrigðisdeildar er boðið upp á hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði auk diplómu- og meistaranáms.

### Hjúkrunarfræði

**Námskeið:** Barnahjúkrun (BHJ0105)

**Kennarar:** María Guðnadóttir, Bára Sigurjónsdóttir, Andrea Andrésdóttir o.fl.

**Námsefni:** Fyrirlestur.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Barnahjúkrun.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Haust 2006

**Einingafjöldi:** 5

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Einn fyrirlestur í *Barnahjúkrun* fjallar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Sá fyrirlestur er fluttur af Andreu Andrésdóttur, barnalækni á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, og fjallar bæði um kynferðislegt ofbeldi og annarskonar ofbeldi gegn börnum. Áhersla er lögð á greiningu og þekkingu á einkennum þolenda.<sup>33</sup>

**Námskeið:** Barneignir, heilbrigði kvenna og fjölskyldunnar (BKS0104)

**Kennarar:** Sigfríður Inga Karlsdóttir og Málfríður Stefanía Þórðardóttir.

**Námsefni:** Maternity & women's health care, 8. edition, Lewdermilk og Perry, Mosby, 2004. (kafla 1 og 6)

---

<sup>33</sup> Kennsluáætlun námskeiðsins *Barnahjúkrun*; Viðtal við Hafdísí Skúladóttur.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Konur og ofbeldi.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Hausti 2006

**Einingafjöldi:** 4

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Námskeiðið fjallar almennt um heilbrigði kvenna en ekki sérstaklega um ofbeldi. Tveir fyrirlestrar, af 47 alls, fjalla um konur og ofbeldi. Þar er farið yfir afleiðingar kynferðislegs ofbeldis gegn börnum. Það er því einungis lítil hluti námskeiðsins sem fjallar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

### **Niðurstaða /mat**

Umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er til staðar í hjúkrunarfræðinámi við Háskólann á Akureyri. Það vekur hins vegar athygli að ekkert er í kennsluáætlunum námskeiðanna sem gefur til kynna að fjallað sé um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Í samanburði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands er ekki mikil umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í hjúkrunarfræðibraut Háskólans á Akureyri. Það skal þó tekið fram að boðið er upp á framhaldsnám í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands en slíkt nám er í burðarliðnum á Akureyri. Þar gefst tækifæri til að auka kennslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Námsefni sem fjallar sérstaklega um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum virðist einnig vera takmarkað á hjúkrunarbraut HA. Slíkt er hinsvegar bæði í grunn- og framhaldsnámi hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands.

Hafdís Skúladóttir, brautarstjóri hjúkrunarfræðibrautar Háskólans á Akureyri, bendir á að í grunnámi eru hjúkrunarfræðingar búnir undir mjög breiðan starfsvettvang, sérhæfingin eykst þegar hjúkrunarfræðingar byrja að starfa á vettvangi. Hún nefnir einnig að umræðan um kynferðislegt ofbeldi hafi opnast mikið á undanförunum árum en það vanti meiri umfjöllun í náminu. Hugsanlega vanti kennara sem hafa nægilega þekkingu á kynferðislegu ofbeldi.<sup>34</sup>

Einhver umfjöllun er í *Gedhjúkrun* (GHJ0105). Umsjónarkennari námskeiðsins talaði um að hann vildi auka umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn

---

<sup>34</sup> Viðtal við Hafðísi Skúladóttur.

börnum vegna aukinnar umræðu í samfélaginu. Hingað til hefur umfjöllunin í námskeiðinu einungis verið með óbeinum hætti. Einnig hafa nemendur fjallað um kynferðislegt ofbeldi í lokaritgerðum sínum við deildina.<sup>35</sup>

## Iðjuþjálfun

**Námskeið:** Iðjuþjálfun barna og unglinga (IBU0103)

**Kennarar:** Snæfríður Þóra Egilson og Sara Stefánsdóttir.

**Námsefni:**

1. Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2005). Áhættuþættir ofbeldis og vanrækslu barna. Í Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands: Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna.
2. Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir (2005). Andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi: Sögulegt samhengi og forvarnir. Í Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands: Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Vantar

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vor 2007

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Grunn nám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** *Iðjuþjálfun barna og unglinga* er kjarnanámskeið sem veitir nemendum „...innsýn í þjónustu iðjuþjálfna við börn og unglinga á mismunandi starfsvettvangi.“<sup>36</sup>

Þar á meðal er fjallað um sálfélagsleg vandamál hjá börnum og vikið að kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

## Niðurstaða /mat

Iðjuþjálfunarnámið í Háskólanum á Akureyri er 120 einingar. Fjallað er um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum að nokkru marki í einum þriggja eininga áfanga og lesa nemendur tvær greinar um viðfangsefnið. Guðrún Pálmadóttir, brautarstjóri iðjuþjálfunarbrautar, segir að í námskeiðinu *Vöxtur og þroski* (VOP0103), sem kennt er á haustönn fyrsta árs (bæði á hjúkrunarfræði- og iðjuþjálfunarbraut), sé „...vikið

<sup>35</sup> Kennsluáætlun námskeiðsins *Geðhjúkrun*; Viðtal við Hafdís Skúladóttur.

<sup>36</sup> Náms og kennsluskra Háskólans á Akureyri:

<http://www.unak.is/?d=6&m=page&f=viewPage&id=105>

lítillaga að kynferðislegu ofbeldi á börnum þannig að nemendur þekki fyrirbærið og helstu vísbendingar þar að lútandi.”<sup>37</sup>

Á iðjuþjálfunarbraut Háskólans á Akureyri er umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum gjarnan fellt undir stærri málaflokka og kemur því ekki sérstaklega fram í kennsluáætlunum eða fyrirlestraskrá. Sú er einnig raunin í mörgum öðrum deildum á háskólastigi á Íslandi.

## Kennaradeild

Í kennaradeild Háskólans á Akureyri eru þrjár brautir: Leikskólabraut, grunnskólabraut og framhaldsbraut. Á leikskólabraut er eitt námskeið sem fjallar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum en ekkert á grunn- eða framhaldsbraut.

## Leikskólabraut

**Námskeið:** Leikskólafræði VIII: Deildarstjórnun (LSK0853)

**Kennarar:** Anna Þóra Baldursdóttir.

**Námsefni:** Vantar

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Aðkoma leikskólans að barnaverndarmálum.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vantar

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

**Fyrirlestur (tengist ekki ákveðnu námskeiði):** Síðastliðin sex ár hefur Arnrún Magnúsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, haldið einskonar örnámskeið undir heitinu „Fræðsla en ekki hræðsla”. Námskeiðið er haldið ár hvert fyrir nema á fyrsta ári og er u.þ.b. 5 klst. að lengd. Arnrún fjallar um kynferðislegt ofbeldi og notast hún m.a. við heimildir frá Barnahúsi, Stígamótum, Barnaheill, Kvennaathvarfi og Lýðheilsustöð.<sup>38</sup>

Nokkur áhersla er lögð á Barnaverndarlög og tilkynningarskyldu, svo og forvarnir þar sem m.a. er stuðst við bækurnar *Þetta er líkaminn minn* og *Tumi og*

<sup>37</sup> Tölvupóstsamskipti við Guðrúnu Pálmadóttur.

<sup>38</sup> Dreifirit, “fræðsla en ekki hræðsla”, samið af Arnrúnu Magnúsdóttur – Fengið hjá HA.

*Magga*. Arnrun hefur ekki hlotið menntun sem tekur sérstaklega á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum en hún er leikskólakennari að mennt.<sup>39</sup>

### **Niðurstaða /mat**

Að mati Barnaheilla er mjög jákvætt að allir nemar á leikskólabraut HA skuli fá sérstaka kennslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Sérstaklega þar sem áherslan snýr helst að leikskólakennurum og þeirra aðkomu að slíkum málum, þ.e. bæði að tilkynningarskyldu og forvörnum.

Umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er hins vegar alls fimm stundir í þriggja ára námi, sem vekur upp spurningar um hvort hún þyrfti ekki að vera meiri. Spurning er einnig hvort ekki þurfi að móta stefnu og taka á málefnum með formlegri hætti. Sérstök námskeið sem fjalla um vanrækslu, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum þekkjast í öðrum deildum og skila hugsanlega meiri árangri til lengri tíma lítið heldur en einn fyrirlestur, þótt vandaður sé.

### **Grunnskólabraut**

Í samtali við Maríu Steingrímsdóttur, brautarstjóra grunnskólabrautar við HA, kom fram að hún teldi nauðsynlegt að fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í námi tilvonandi kennara. Hinsvegar sagði hún að engin markviss kennsla fari fram um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum við brautina. Fræðslu um kynferðislegt ofbeldi væri hvergi að finna í markmiðum námskeiða brautarinnar.

María taldi þó til nokkur námskeið þar sem hún taldi líklegt að fram færi einhverskonar umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, þó svo að það væri hvergi nefnt berum orðum í kennsluáætlunum. Meðal námskeiða sem voru nefnd eru *Síðfræði og lífsleikni* (SIÐ0153) og *Heimspeki menntunar* (HSM0353F). Einnig mun vera nokkuð um það að lokaritgerðir nemenda fjalli um ofbeldi gegn börnum og barnavernd.<sup>40</sup>

Það skal þó ekki lítið framhjá því að ekkert námskeið er hægt að nefna við brautina, sem tekur með beinum hætti á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og ekkert af námsefni brautarinnar virðist fjalla um viðfangefnið.

---

<sup>39</sup> Sama.

<sup>40</sup> Viðtal við Maríu Steingrímsdóttur.

## Framhaldsbraut

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, brautarstjóri framhaldsbrautar, segir að „...hvergi sé komið inn á kynferðislegt ofbeldi í þröngum skilningi þess máls“<sup>41</sup> á framhaldsbraut kennaradeildar. Líklegast sé að umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi í deildinni fari fram í námskeiðsritgerðum og lokaverkefnum. Ingólfur hafði t.d. sjálfur umsjón með fimm eininga diplómaverkefni Hafdísar Helgu Þorvaldsdóttur vorið 2007, þar sem hún bjó til forvarnaverkefni um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Ástæða þess hversu lítið er fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er sú, segir Ingólfur, að svo margir málaflokkar séu til umfjöllunar að námið yrði aðeins listi af mjög afmörkuðum málaflokkum án nokkurrar heildarsýnar. Fjallað er sérstaklega um málefni eins og jafnrétti, menningarlegan bakgrunn og skilning á margbreytilegu hlutverki umsjónarkennara. Það fari eftir þekkingu og áhuga kennarans hvað sé kennt varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Ingólfur telur mun eðlilegra að fjalla um vanrækslu og ofbeldi gegn börnum í víðara samhengi í stað þess að fjalla um kynferðislegt ofbeldi eingöngu. Hann efast þó um að kennaranemar í framhaldsdeild HA fái fræðslu um hvernig kennarar eiga að bregðast við þegar grunur vaknar um að börn hafi verið beitt ofbeldi. Hann nefnir þó að einstaka sinnum hafi lögreglumenn haldið fyrirlestra fyrir nemendur, en þeir hafa að mestu leyti fjallað um fíkniefni og tengd málefni.

Ingólfur nefnir að lokum að nokkrar breytingar séu í vændum í deildinni, þar sem betur sé tekið á réttindum barna. Auðveldara verður fyrir kennara að fjalla um barnaverndarmál í kennslu við deildina. Það þurfi að fjalla betur um ábyrgðarhlutverk kennara í kennaramenntun almennt. „Það er tilhneiging meðal kennara að forðast að þeim komi eitthvað annað við en eitthvert fag sem þeir eru að kenna.“ Gera þurfi kennurum það ljóst að þeirra hlutverk er mun víðtækara en að kenna ákveðna námsgrein, þá fyrst fari þeir að skipta sér að heimsósómanum, segir Ingólfur.<sup>42</sup>

---

<sup>41</sup> Viðtal við Ingólf Ásgeir Jóhannesson.

<sup>42</sup> Viðtal við Ingólf Ásgeir Jóhannesson.

# Félagsvísinda og lagadeild

## Sálfræðibraut

**Námskeið:** Klínísk sálfræði (KLÍ0175)

**Kennarar:** Elín Díanna Gunnarsdóttir.

**Námsefni:** Nolen-Hoeksema, S. (2007). *Abnormal psychology* (4. útgáfa). Boston McGraw-Hill. (Ein blaðsíða í kafla 16).

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Kynferðislegir erfiðleikar o.fl.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Haustönn 2006

**Einingafjöldi:** 5

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Námskeiðið fjallar aðeins að litlu leyti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Aðal kennslubók námskeiðsins er rúmlega 600 blaðsíður að lengd og þar af er fjallað um barnahneigð á einni blaðsíðu í samhengi við aðra „kynferðislega erfiðleika”.

## Niðurstaða / mat

Birgir Guðmundsson, brautarstjóri sálfræðibrautar Háskólans á Akureyri, segir að það sé ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í sálfræðinámi við HA. Einungis sé boðið uppá 90 eininga grunnám í sálfræði við HA og rétt sé að fjalla með almennum hætti um áföll og afbrigðilega hegðun en ekki fjalla um einstaka þætti eins og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum án samhengis við aðra þætti. Slík sérhæfing eigi betur heima í framhaldsnámi.<sup>43</sup>

Það virðist því lítil kennsla vera til staðar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á sálfræðibraut Háskólans á Akureyri. Viðhorf Birgis til námsins á sálfræðibraut HA virðst er svipuð og viðhorf Jóns Friðriks Sigurðssonar til námsins við sálfræðiskor HÍ.<sup>44</sup> Sálfræðingar sérhæfi sig á síðari námsstigum og öðlist reynslu í

---

<sup>43</sup> Viðtal við Birgi Guðmundsson.

<sup>44</sup> Sjá bls.? Í þessu riti

gegnum daglegt starf sitt. Það er þó mat Barnaheilla að mikilvægt sé að fjalla um kynferðislegt ofbeldi í grunnámi sálfræðinga.

### **Lögfræðibraut**

Í samtali við Ágúst Þór Árnason, verkefnastjóra félagsvísinda- og lagadeildar, kom fram að í námskeiðinu *Réttarfélagsfræði* (0273) á haustönn 2006 hefði verið fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum með dæmum í kennslustundum. Með því er átt við að tekin séu dæmi af kynferðisbrotamálum í almennri kennslu í réttarfélagsfræði. Jafnframt flutti Rán Ingvarsdóttir, lögfræðingur og starfsmaður Barnaheilla, erindi á Lögfræðitorgi HA þann 13. mars 2007 um verkefnið „Stöðvum barnaklám á netinu”. Rán fjallaði m.a. um vörslu, öflun og innflutning barnakláms og um dóma sem fjalla um barnaklámsákvæði.<sup>45</sup>

---

<sup>45</sup> Tölvupóstsamskipti við Ágúst Þór Árnason.



# Háskólinn á Bifröst

Fjallað verður um kennslu innan lagadeildar háskólans á Bifröst.

## Lagadeild

**Námskeið:** Opinbert réttarfar

**Kennarar:** Kolbrún Sævarsdóttir.

**Námsefni:**

1. Lög um meðferð opinberra mála (VII. opl.).
2. Kolbrún Sævarsdóttir: Réttarstaða brotaþola. Rit háskólans á Bifröst.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Hlutverk réttargæslumanns – Réttarstaða brotaþola.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vorönn 2007

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Framhaldsnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Námskeiðið fjallar um ýmsar hliðar opinberra mála. Þar á meðal er hlutverk réttargæslumanns og réttarstaða brotaþola sem samkvæmt kennsluáætlun fær um klukkustundar umfjöllun. Erfitt er að tengja námskeiðið með beinum hætti við umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.<sup>46</sup>

## Niðurstaða /mat

Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar, segir að deildin einbeiti sér fyrst og fremst að viðskiptalögfræði og því sé nær engin kennsla um kynferðislegt ofbeldi við deildina. Eðli málsins samkvæmt snúist slíkt nám um aðrar greinar lögfræðinnar en þær sem gætu tengst umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi. Deildin hefur þó lagt áherslu á að kynna viðfangsefnið fyrir nemendum, t.d. í gegnum málstofur sem deildin stendur fyrir þrisvar á hverri önn.<sup>47</sup>

---

<sup>46</sup> Kennsluáætlun námskeiðsins *Opinbert réttarfar*.

<sup>47</sup> Tölvupóstsamskipti við Bryndísi Hlöðversdóttur.

Það má spyrja hvort sé nauðsynlegt sé að fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í námi sem leggur áherslu á viðskiptalögfræði og aðrar greinar lögfræðinnar sem tengjast kynferðisbrotum lítið. Það má þó benda á að þeir lögfræðingar sem útskrifast frá Háskólanum á Bifröst hafa alveg sömu réttindi og þeir lögfræðingar sem útskrifast frá öðrum háskólum og geta því fengið málflutingsleyfi og tekið að sér mál sem tengjast kynferðisbrotum gegn börnum.

# Háskólinn í Reykjavík

Fjallað verður um kennslu innan lagadeildar og kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík.

## Lagadeild

**Námskeið:** Refsiréttur (L-402-REFS)

**Kennarar:** Svala Ísfeld Ólafsdóttir.

**Námsefni:**

1. „Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum“. Skýrsla unnin af Svölu Ólafsdóttur, lögfræðingi, fyrir Umboðsmann barna. Apríl 1997.
2. Dómar Héraðsdóms Reykjavíkur, m.a:
  - Mál Ágústs Magnússonar: S-3593/2003.
  - Ákærvaldið gegn A: S-1233/2005.
  - Ákærvaldið gegn Birgi Hrafni Hallgrímssyni: S-615/2006.
3. Dómar Hæstaréttar, m.a.:
  - Mál nr. 416/2003
  - Mál nr. 32/2004
  - Mál nr. 334/2004
4. Jónatan Þórmundsson: Viðurlög við afbrotum, II. Kafli í tíunda þætti.
5. Þingmannafrumvarp til laga um breytingu á alm. hgl. (fyrningarfrestur vegna kynferðisbrota gegn börnum), 133. löggjafarþing 2006-2007, þingskjal 304, 291 (mál 5).
6. Kvikmyndin „Anklaget“ frá árinu 2005.
7. „Lögaldur til að stunda kynlíf“. Grein sem byrtist í Morgunblaðinu 24. október 2003.

**Ítarefni:** Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*. Lagastofnun HÍ, 2006.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Kynferðisbrot gegn börnum; kynferðislegur lögaldur; fyrning kynferðisbrota gegn börnum; kynferðisbrot gegn niðjum.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Já

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Vor 2007

**Einingafjöldi:** 4

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Svala Ísfeld Ólafsdóttir, lögfræðingur við lagadeild HR, hefur m.a. barist fyrir hækkun kynferðislegs lögaldurs barna og skrifað skýrslu um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum fyrir umboðsmann barna. Áhugi hennar á málaflokknum sést

glögglega á þeim áherslum sem eru í námskeiðinu. Stór hluti þess fjallar um kynferðisbrot gegn börnum og endurspeglast þær áherslur í námsefninu þar sem nemendur lesa valda dóma, horfa á kvikmynd og lesa greinar og skýrslur sem fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Námsefnið er fjölbreytt og gefur því nemendum kost á að kynnast málefnum út frá ýmsum hliðum. Nemendur fá innsýn í heim þolenda og gerenda kynferðisbrota, auk þess sem litið er á kærumál út frá sjónarhóli verjenda og sækjenda. Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari við embætti ríkissaksóknara, hefur t.a.m. verið fengin til að halda fyrirlestur um kynferðisbrot gegn börnum frá sjónarhóli ákærvaldsins.

**Námskeið:** Afbrotafræði (L-809-CRIM)

**Kennarar:** Svala Ísfeld Ólafsdóttir.

**Námsefni:** Vantar

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Vantar

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Vantar

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Fyrst kennt haust 2007

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Framhaldsnám og valnámskeið.

**Samantekt:** Afbrotafræði er nýtt námskeið í lagadeild Háskólans í Reykjavík sem verður kennt í fyrsta sinn haustið 2007. Kennsluáætlun var ekki tilbúin þegar þessi rannsókn fór fram en Svala Ólafsdóttir, kennari námskeiðsins, segir að umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi fái stóran sess í námskeiðinu. Námskeiðið er jafnframt valnámskeið á framhaldsstigi og umfjöllunin um kynferðislegt ofbeldi er því líklega einskönar framhald af umfjölluninni í refsiréttarnámskeiðinu.<sup>48</sup>

### **Niðurstaða /mat**

Eins og í öðrum deildum fléttast umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum inn í önnur námskeið, eins og í námskeiðið *Opinbert réttarfar*. Líkt og í lagadeild Háskóla Íslands fer megin umfjöllun um málaflokkinn fram í tveimur námskeiðum, skyldufagi á grunnstigi og valfagi á framhaldsstigi. Deildirnar tvær eiga það einnig sameiginlegt að hafa ráðið kennara sem búa yfir áhuga og þekkingu á

---

<sup>48</sup> Viðtal við Svölu Ólafsdóttur.

kynferðisbrotum, Svölu Ólafsdóttur í HR og Ragnheiði Bragadóttur í HÍ. Það útskýrir líklega meira en aðrir þættir hversvegna deildirnar standa svo vel að kennslu um kynferðisbrot gegn börnum. Aðrir þættir eru t.d. að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum hefur verið mikið í kastljósi fjölmiðla og umræðu almennings. Sérstaklega vegna þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið, að lagaumhverfi þessa málaflokks sé ekki nógu vel úr garði gert og að dómara nýti lagarammann ekki nægilega vel við ákvörðun refsingar þegar kemur að kynferðisbrotum.

Jóna Kristinsdóttir, skrifstofustjóri lagadeildar, segir að mikill áhugi sé meðal nemenda á kynferðisbrotum. Það sést t.d. á ásókn nemenda í valnámskeiðið *Afbrotufræði*, en færri komast að en vilja þegar námskeiðið verður kennt í fyrsta sinn haustið 2007. Nokkrir áhugasamir nemendur lagadeildar HR hafa jafnframt kosið að fjalla um kynferðisbrot í lokaritgerðum sínum. Þar mætti sérstaklega nefna meistararitgerð Kolbrúnar Birnu Árdal vorið 2007, „Börn sem vitni. Sönnunargildi skýrslna sem teknar eru af börnum fyrir dómi í kynferðisbrotamálum”.<sup>49</sup>

Kannski hefði mátt ætla að lítil áhersla væri á mál eins og kynferðisbrot gegn börnum í lagadeild HR vegna þess að deildin leggur meiri áherslu á fjármálagfræði og tengsl við atvinnulífið heldur en lagadeild HÍ. Það verður hinsvegar ekki betur séð en að báðar deildirnar standi vel að kennslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

## Kennslufræði og lýðheilsudeild

Námskeið: Inngangur að lýðheilsu og aðferðum lýðheilsufræðinnar (E-711-ILAL)

**Kennarar:** Álfgeir Logi Kristjánsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Geir Gunnlaugsson o.fl.

**Námsefni:** Fyrirlestur.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Violence prevention.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Haust 2005

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Framhaldsnám og skyldunámskeið.

---

<sup>49</sup> Viðtal við Jónu Kristinsdóttur; Listi yfir meistararitgerðir nema við HR.

**Samantekt:** Námskeiðið er inngangsnámskeið þar sem tekið er á mjög ólíkum viðfangsefnum. Forvarnir gegn ofbeldi er einn fyrirlestur af 21 samkvæmt kennsluáætlun og er kynferðislegt ofbeldi gegn börnum hluti af þeim fyrirlestri. Það er Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, aðjúnt í kennslufræði- og lýðheilsudeild, sem fjallar um efnið. Hún hefur rannsakað þolendur kynferðisofbeldis og hefur látið sig slík mál miklu varða.<sup>50</sup>

### Niðurstaða /mat

Kennslufræði og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík tók til starfa árið 2005 og er því enn í mótun. Í lýsingu á meistaranámi í lýðheilsufræðum stendur m.a. „Slíkir kennarar [sem leggja áherslu á lýðheilsu í starfi sínu] verða til að mynda mjög hæfir í að greina þá nemendur sem eru í áhættu um andlega vanlíðan eða frávikshæðun.“<sup>51</sup> Samt sem áður er einungis eitt námskeið í deildinni sem fjallar eitthvað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Í samtali við þær Bryndísi Björk Ásgeirsdóttur aðjúnt og Chien Tai Shill doktorsnema við deildina kom fram að mikill áhugi væri á viðfangsefninu og sögðust þær báðar hafa sinnt rannsóknum á kynferðisofbeldi. Bryndís sagði að kennslan varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum væri enn í mótun og „...það er stefna okkar hér að allir með kennaramenntun sem koma hédan fái allavega einhverja kennslu í barnavernd, bæði varðandi kynferðisofbeldi og annað ofbeldi gegn börnum.“<sup>52</sup> Bryndís sagði enn fremur að ætlunin væri að allir nemendur sem útskrifast frá deildinni hljóti ákveðna grunnmenntun varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og síðan yrði boðið upp á framhaldsnámskeið þar sem farið yrði dýpra í barnavernd og ofbeldi gegn börnum. Áætlað er að boðið verði upp á valnámskeiðið *Misnotkun og vanræksla barna* í fyrsta skipti haustið 2008. Eins og nafnið gefur til kynna mun námskeiðið fjalla að verulegu leyti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Samkvæmt lýsingu á námskeiðið að fjalla um allt frá forvörnum til viðbragða og úrræða handa börnum sem hafa orðið fyrir misnotkun/vanrækslu.<sup>53</sup>

Deildin er að hefja sitt þriðja starfsár þegar þetta er skrifað og er kennslan því enn í mótun. Verulegur áhugi virðist vera á málaflokknum innan deildarinnar og áætlanir eru uppi um að allir nemendur deildarinnar hljóti a.m.k. lágmarkskennslu um barnavernd og ofbeldi gegn börnum.

<sup>50</sup> Kennsluáætlun námskeiðsins *Inngangur að lýðheilsu og aðferðum lýðheilsufræðinna*.

<sup>51</sup> Heimasíða HR: <http://www.hr.is/?PageID=6>

<sup>52</sup> Viðtal við Bryndísi Björk Ásgeirsdóttur.

<sup>53</sup> Viðtal við Bryndísi Björk Ásgeirsdóttur; Viðtal við Chien Tai Shill.

# Kennaraháskóli Íslands

Þegar verið var að vinna þessa könnun, sumarið 2007, stóðu yfir miklar breytingar á skipulagi náms í Kennaraháskóla Íslands. Það verður því ekki fjallað eins ýtarlega um einstaka námsleiðir innan KHÍ og annarra skóla. Fjallað verður um nám innan einstakra brauta í heild sinni og námskeið sem fjalla um kynferðislegt ofbeldi flokkuð eftir brautum.

## Kennarabraut

Undir kennarabraut falla grunnskólakennarafræði, leikskólakennarafræði og kennsluréttindánám.

**Námskeið:** Barn, fjölskylda, barnavernd (24.01.50)

**Kennarar:** Gyða Jóhannsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir.

**Námsefni:**

1. Guðrún Kristinsdóttir. 2001. *Barnavernd. Kennsluefni*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands. Til sölu í sérhefti í bóksölu.
2. Kay, J. 2003. *Protecting children*. 2nd ed. New York, London, Continuum, bls. 47 - 69. Í greinahefti til sölu í bóksölu.
3. Barnaverndarlög nr. 80. 2002. Kaflar I, IV og V.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Vanræksla og ofbeldi.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Haustið 2006

**Einingafjöldi:** 2

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Námskeiðið fjallar um barnavernd í almennum skilningi, þ.á.m.

kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, en leggur ekki sérstaka áherslu á kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

**Námskeið:** Barnavernd – Hvað er börnum fyrir bestu (39.00.03)

**Kennarar:** Guðrún Kristinsdóttir, Nanna Kristín Christiansen, Steinunn Bergmann o.fl.

**Námsefni:**

1. Barnavernd. Kennsluefni eftir Guðrúnu Kristinsdóttur, selt í bóksölu.
2. Lög - meðal annars: Lög og síðasta frumvarp til laga um barnavernd á Netinu <http://www.stjornartidindi.is/servlet/stjrtid/A/2002/80.pdf>
3. Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994 <http://www.althingi.is/lagas/131a/1994083.html> (sjá einnig heimasíðu embættisins <http://www.barn.is/page.asp?id=6&pid=0> )
4. David, Tricia, 1993. *Child protection and early years teachers, coping with child abuse.* Buckingham, Open University Press. Kaflar 12, 13, og 15.
5. Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir. 2005. *Rannsóknin Þekking barna á ofbeldi á heimilum. Lýsing á verkefni.* Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands. Handrit.
6. Anni G. Haugen 2004. Norræn samanburðarrannsókn um beitingu úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar. Félagsráðgjafablaðið, 1. tbl. 9. árg., bls. 21 – 25.
7. Freydís. J. Freysteinsdóttir. Samræmi skilgreininga á hugtakinu barnavernd. Tímarrit félagsráðgjafa, 1, 63 – 72.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Barnavernd – tilkynningar og verklag, ofbeldi á heimilum, forvarnir og þróunarstarf.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Haust 2006

**Einingafjöldi:** 5

**Tegund:** Framhaldsnám og valnámskeið.

**Samantekt:** Í námskeiðinu er fjallað ýtarlega um barnavernd, ofbeldi gegn börnum og vanrækslu auk þess sem nokkuð er fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Mikið af lesefni námskeiðsins fjallar um barnavernd, ofbeldi gegn börnum og úrræði í barnaverndarmálum. Guðrún Kristinsdóttir, einn kennari námskeiðsins, segir að áhuginn sé slíkur að færri nemendur komist að en vilja á hverju ári.<sup>54</sup>

**Námskeið:** Félagsfræði fjölskyldna (20.12.42)

**Kennarar:** Dóra S. Bjarnason og Ólöf Garðarsdóttir.

**Námsefni:** Vantar.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Vantar.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskrá: Nei

-Í kennsluáætlun: Nei

---

<sup>54</sup> Tölvupóstsamskipti við Guðrúnu Kristinsdóttur.



**-Í umfjöllun kennara eða námsefni:** Já

**Síðast kennt:** Vor 2007

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Grunnám og valnámskeið.

**Samantekt:** Í símaviðtali við Dóru S. Bjarnason kom fram að nokkur umfjöllun væri um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í námskeiðinu. Ein eða tvær fræðigreinar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum eru meðal skyldulesefnis áfangans. Áhersla er lögð á einkenni þolenda, tilkynningarskyldu kennara og hvert beri að vísa þolendum. Dóra tók það einnig fram að nemendur gætu dýpkað skilning sinn á þessu viðfangsefni með námskeiðs- og lokaritgerðum.<sup>55</sup>

## Þroskaþjálfing og tímstundabraut

**Námskeið:** Þroskaþjálfing og vinnubrögð II (26.72.56)

**Kennarar:** Vilborg Jóhannsdóttir, (Bragi Guðbrandsson kennir 6 kennslustundir).

**Námsefni:** Barnaverndarlög, ársskýrslur Barnaverndarstofu, ljósrit af glærum.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Vantar

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

**-Í kennsluskrá:** Nei

**-Í kennsluáætlun:** Vantar

**-Í umfjöllun kennara eða námsefni:** Já

**Síðast kennt:** Hausti 2006

**Einingafjöldi:** 5

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Vilborg Jóhannsdóttir hefur umsjón með námskeiðinu en Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, kennir þar sex kennslustundir og fjallar um barnavernd. Af þessum sex kennslustundum fjalla síðan ein eða tvær um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Aðaláherslan í kennslu Braga er á skyldur þroskaþjálfing í barnaverndarmálum, þekkingu á einkennum og hvert eigi að leita.

Bragi telur æskilegt að þroskaþjálfar, kennarar, og aðrir þeir sem vinna með börnum, hljóti ýtarlega kennslu í barnavernd. Þó svo að kennslan hafi aukist nokkuð á undanförunum árum eða áratugum mætti hún vera mun meiri ef vel eigi að vera. Eins og kennslunni sé háttað í dag sé hún nokkuð tilviljunarkennd og fari eftir sérþekkingu kennara. Aðkoma Braga að kennslu í KHÍ á sínum tíma var nokkuð tilviljunarkennd þar sem honum var boðið að fjalla um þróun velferðarsamfélagsins á Íslandi. Hann veitti því hinsvegar athygli að tilvonandi þroskaþjálfar voru ekki að fá nægilega

---

<sup>55</sup> Síamaviðtal við Dóru S. Bjarnason.

fræðslu um barnaverndarmál og nýtti sér það frelsi sem hann hafði til að fjalla um þau málefni.<sup>56</sup>

**Námskeið:** Afbrotufræði (49.01.51)

**Kennarar:** Eyjólfur Örn Jónsson.

**Námsefni:** Siegel, Larry J., (2006). *Criminology: Theories, patterns and typologies*. Wadsworth/Thomson.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:**

Kynferðisbrot.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Já

-Í kennsluáætlun: Já

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Haust 2006

**Einingafjöldi:** 3

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

**Samantekt:** Námskeiðið fjallar um ýmiskonar afbrot, þar á meðal ofbeldisbrot, kynferðisbrot og fíkniefnabrot. Samkvæmt kennsluáætlun námskeiðsins eru markmið þess meðal annars að nemendur „öðlist þekkingu á helstu afbrotum sem börn og unglingar eru beitt og beita og hvernig vinna má gegn þeim, [og] verði færari að greina unglinga í áhættuhópi.“<sup>57</sup> Nemendur geta einnig fjallað sérstaklega um kynferðisbrot í einstaklingsverkefni.

## Íþróttá- og heilsubraut

**Námskeið:** Vöxtur og þroski barna og unglunga (28.10.13)

**Kennarar:** Jónína Sæmundsdóttir.

**Námsefni:** Shaffer, David R.: *Developmental psychology. Childhood and adolescence*. Wadsworth, London 2006.

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum samkvæmt kennsluáætlun:** Vantar.

**Kynferðislegt ofbeldi nefnt:**

-Í kennsluskra: Nei

-Í kennsluáætlun: Vantar

-Í umfjöllun kennara eða námsefni: Já

**Síðast kennt:** Haust 2006

**Einingafjöldi:** 4

**Tegund:** Grunnám og skyldunámskeið.

<sup>56</sup> Viðtal við Braga Guðbrandsson.

<sup>57</sup> Kennsluáætlun námskeiðsins *Afbrotufræði*.

**Samantekt:** Í símaviðtali við Jónínu Sæmundsdóttur, lektor við KHÍ, kom fram að í námskeiðinu er m.a. fjallað um illa meðferð á börnum. Varðandi kynferðislegt ofbeldi sérstaklega er farið yfir helstu einkenni, áhættuþætti, úrræði og tilkynningarskyldu. Alls er fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í tveimur kennslustundum námskeiðsins en nemendur fá tækifæri til að dýpka þekkingu sína með því að skrifa um viðfangsefnið í námskeiðsritgerð kjósi þeir svo.<sup>58</sup>

### Niðurstaða / mat

Kennaraháskóli Íslands er ólíkur öðrum háskólum á Íslandi að því leyti að gera má ráð fyrir því að flestir, ef ekki allir, nemendur skólans muni vinna náið með börnum. Af þeirri ástæðu hefðu margir ætlað að umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum væri einna mest í KHÍ. Raunin er hinsvegar sú að ekki er meiri umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í KHÍ heldur en öðrum háskólum á Íslandi.

Nokkrir áfangar kenna barnavernd og búa nemendur undir að takast á við afleiðingar kynferðislegs ofbeldis gegn börnum eins og það snýr að kennurum. Það vekur hinsvegar sérstaka athygli að enga heildstæða stefnu varðandi kennslu um barnavernd er að finna við skólann. Þess í stað eru það einstaka deildir eða brautir sem virðast fá frjálsar hendur til þess að ákveða hvað skuli kennt og hvað ekki. Það er nokkuð ljóst að betri árangur, og jafnvel nokkur hagræðing, hlytist af því að kenna einn eða tvo heildstæða áfanga um barnavernd sem væri skylduáfangi fyrir alla nemendur skólans. Námskeiðið *Barnavernd – Hvað er börnum fyrir bestu*, er gott dæmi um slíkt námskeið. Námskeiðið er valnámskeið á framhaldsstigi en sennilega er fullt tilefni til að hafa það sem skyldunámskeið. Einstaka brautir gætu svo að auki boðið upp á valáfanga sem tengdust betur við starfssvið og rannsóknir einstakra stétta.

Nokkur áhersla er lögð á barnavernd í almennum skilningi við KHÍ. Guðrún Kristinsdóttir, prófessor við KHÍ, bendir á að kynferðislegt ofbeldi, vanræksla og annarskonar ofbeldi fari oft saman og ekki sé rétt að slíta eitt úr samhengi við annað. Þess vegna sé áherslan í KHÍ á barnavernd í almennum skilningi en ekki einblínt á einn þáttinn, t.d. kynferðislegt ofbeldi. Hún jatar þó að fræðsla um kynferðislegt ofbeldi mætti vera meiri en það gildi einnig um aðra þætti, eins og t.d. vanrækslu sem sé vanræktur þáttur.<sup>59</sup>

---

<sup>58</sup> Síamaviðtal við Jónínu Sæmundsdóttur.

<sup>59</sup> Tölvupóstsamskipti við Guðrúnu Kristinsdóttur.

# Lögregluskóli ríkisins

Lögregluskóli ríkisins er ólíkur öðrum skólum í rannsókninni að því leyti að hann er ekki á háskólastigi, en nýnemar þurfa þó að hafa lokið tveimur árum í framhaldsskóla. Umgjörð námsins er einnig með öðrum hætti en annað nám sem skoðað er í þessari rannsókn. Áfangar eða námskeið í Lögregluskólanum eru með svipuðum hætti og í öðrum skólum en mikil áhersla er lögð á verklega þjálfun, það er að nemendur kynnist starfi lögreglumannsins á vettvangi.

Grunnám í Lögregluskólanum skiptist í þrjár annir (GN-I, GN-II og GN-III) og fá nemendur skólans greidd laun samkvæmt kjarasamningi fyrir aðra og þriðju önn, en fyrsta önnin er lánshæf hjá LÍN. GN-I og GN-III eru bóknámsannir sem standa yfir í fjóra mánuði hvor. GN-II er verkleg þjálfun sem stendur í átta mánuði, samtals er nám í lögregluskólanum því 16 mánuðir.

Námskeið í grunnámi sem fjalla að einhverju leyti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum eru þrjú. Þau eru eftirfarandi:

## Námskeið: Lögreglufræði

**Kennarar:** Ólafur Egilsson, Þorleifur Njáll Ingólfsson o.fl.

**Kennslustundir:** 66

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum:** Framkoma lögreglumanna og samskipti við almenning; áfallahjálp.

**Námsefni:** 1: Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála: Ríkislögreglustjórnin 16. október 2005.

2: Ljósrit um áfallahjálp: Borghildur Einarsdóttir og Rudolf Adolfsson.

## **GN-I**

Námskeiðið virðist vera einskonar inngangsnámskeið þar sem fjallað er um jafn ólíka hluti og reglugerð um einkennisbúninga annarsvegar og verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála hinsvegar. Ekki er minnst sérstaklega á kynferðislegt ofbeldi þó svo að kennsla í áfallahjálp og meðferð heimilisofbeldismála geti styrkt stöðu lögreglumanna.

## Námskeið: Lög og reglur

**Kennarar:** Þorleifur Njáll Ingólfsson.

**Kennslustundir:** 35

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum:** Málefni barna.

- Námsefni:**
- 1: Barnalög nr. 76/2003.
  - 2: Barnaverndarlög nr. 80/2002.
  - 3: Reglugerð nr. 264/1995 um Barnaverndarstofu.
  - 4: Reglugerð nr. 271/1995 um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga.
  - 5: Lög nr. 83/1994 um umboðsmann barna.
  - 6: Samningur SP um réttindi barnsins.

#### **GN-I**

Í námskeiðinu *Lög og reglur* er farið að nokkru leyti yfir málefni barna og barnavernd almennt. Það er þó aðeins hluti námskeiðsins eða um 20%. Ekki er þó minnst sérstaklega á kynferðislegt ofbeldi í námskeiðslýsingu.

**Námskeið:** Lögreglurannsóknir II

**Kennarar:** Þorleifur Njáll Ingólfsson, Hörður Jóhannesson, Eiríkur H. Helgason o.fl.

**Kennslustundir:** 34

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum:** Rannsóknir kynferðisbrota.

- Námsefni:**
- 1: Leiðbeiningar ríkissaksóknara um rannsókn nauðgunarmála.
  - 2: Fyrsti maður á vettvang: Kennsluhandrit lögregluskólans.
  - 3: Reglur embættis Ríkislögreglustjórans um haldlagningu og meðferð sönnunargagna.

#### **GN-III**

Enn er ekki minnst sérstaklega á kynferðisbrot gegn börnum. Hér er þó á ferðinni námskeið sem tekur á rannsókn kynferðisbrota, t.d. verndun og meðferð sönnunargagna. Þremur kennslustundum er varið í kynningu á neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisglæpa, sem starfsfólk Neyðarmóttökunnar sér um.

Námskeið í framhaldsnámi sem fjalla að einhverju leyti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum eru tvö. Þau eru eftirfarandi:

**Námskeið:** Rannsókn kynferðisbrota

**Kennarar:** Eiríkur Hreinn Helgason og Hulda Elsa Björgvinsdóttir.

**Kennslustundir:** 40

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum:** Rannsóknir kynferðisbrota; samskipti við þolendur; dómsyfirheyrslur barna; sönnunargögn í kynferðisbrotamálum.

- Námsefni:**
- 1: Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu frá árinu 2002.
  - 2: Leiðbeiningar um rannsókn nauðgunarmála.

**3:** Reglugerð 321/1999 um tilhögun skýrslutöku af brotaþola yngri en 18 ára fyrir dómi.

**4:** Frumvarp til laga um breytingu á kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga.

**5:** Að auki fylgir ýtarlegur listi yfir lesefni er varðar rannsókn kynferðisbrota, fyrir þá sem eru sérstaklega áhugasamir. Það lesefni er þó ekki hluti af námskeiðinu.

Námskeiðið er sérstaklega ætlað rannsóknarlögreglumönnum og því hugsað fyrir lögreglumenn sem vilja sérhæfa sig í rannsóknum kynferðisbrota. Námskeiðið er kennt í eina viku, þ.e. 40 kennslustundir á vikutímabili, og fá nemendur skírteini að námskeiði loknu til staðfestingar. Námsfni er m.a. viðeigandi kaflar úr almennum hegningarlögum, skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu frá árinu 2002 og leiðbeiningar um rannsókn nauðgunarmála.

**Námskeið:** RLM-1/VSTJ-1

**Kennarar:** Eiríkur Hreinn Helgason.

**Kennslustundir:** 130

**Viðfangsefni sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gegn börnum:** Yfirheyrsla vitna og sakborninga svo og barna og unglinga; rannsóknir ofbeldisbrota (þ.á.m. kynferðisbrota).

**Námsfni:** Ekkert sem tengist kynferðisbrotum með beinum hætti.

Námskeiðið er ætlað almennum lögreglumönnum sem ætla að gerast rannsóknarlögreglumenn eða varðstjórar. Námskeiðið er stórt og viðamikíð, en ekki er að sjá á kennsluáætlun að kynferðisbrot fái mikinn tíma og ekkert er minnst á kynferðisbrot gegn börnum sérstaklega. Námskeiðið tengist því kynferðisbrotum gegn börnum með frekar óbeinum hætti.

### **Niðurstaða /mat**

Lögreglumenn eru í mikilvægri aðstöðu þegar kemur að kynferðisbrotum gegn börnum vegna eðlis starfs þeirra. Aðaláherslan í grunnámi lögreglumanna er því hvernig eigi að meðhöndla þolendur og gæta vettvangsins. Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, segir að nokkur áhersla sé á kynferðisbrot bæði í grunnnámi og framhaldsnámi, kynferðisbrot gegn börnum séu undirflokkur kynferðisbrota almennt. Það sé jafnframt erfitt að benda sérstaklega á námskeið eða kennslustundir þar sem fjallað sé um kynferðisbrot gegn börnum. Hann segir að víða

sé komið inn á kynferðisbrot gegn börnum, fræðslan sé hinsvegar dreifð á mörg ólík námskeið.

Arnar telur að frekar lítið fjármagn hafi verið sett í framhaldsmenntun lögreglumanna á Íslandi. Áherslan í lögregluskólanum er að hafa grunnnámið stutt því nýjir lögreglumenn læri starfið best með því að starfa sem lögreglumenn, sérhæfingin á sér síðan stað á framhaldsstigi. Íslenskum lögreglumönnum hefur t.d. boðist að sækja erlend námskeið á vegum SEPOL (samtök lögregluskóla Evrópusambandslanda) þar á meðal námskeið þar sem fjallað er sérstaklega um kynferðisbrot gegn börnum. Innan lögreglunnar eru því lögreglumenn sem hafa nokkra sérþekkingu á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, meðal annars af barnaklámi á veraldarvefnum.<sup>60</sup>

Eins og sjá má tengjast flest námskeiðin kynferðislegu ofbeldi með óbeinum hætti. Megin áhersla er á málsmeðferð, lög og reglur varðandi meðferð kynferðisbrota almennt en minna hugað að þáttum eins og einkennum barna sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Í náminu er einnig fræðsla um hvar þolendur geti leitað sér aðstoðar og mikilvægi þess að upplýsa þolendur um þau úrræði sem eru fyrir hendi.

Í júlí 2007 kynnti dómsmálaráðuneytið aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Íslands vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis, sem samþykkt hafði verið í september 2006. Lögregluskólinn skilaði áætlun til ráðuneytisins varðandi sinn þátt í aðgerðaáætluninni. Áætlunin nær til áranna 2007-2011 og eru helstu þættir hennar sem snúa að þessari könnun sem hér segir:<sup>61</sup>

1. Í almennu lögreglunámi verður sérstök áhersla lögð á fagmennsku og rétt verklag við rannsóknir vegna heimilisofbeldis, kynferðislegs ofbeldis gegn konum og ofbeldis gegn börnum.
2. Skoðað verður sérstaklega hvort gera þurfi þessi viðfangsefni betur sýnileg í námsskrám Lögregluskólans en nú er.
3. Sjónum verður sérstaklega beint að því að gera varðandi lögreglumönnum kleift að þekkja einkenni kynferðislegs ofbeldis gegn börnum með því að tryggja faglega umfjöllun fagaðila um efnið.
4. Á tímabilinu 2007-2011 verða haldin allt að 20 símenntunarnámskeið með þátttöku allt að 400 lögreglumanna þar sem heimilisofbeldismálum og

---

<sup>60</sup> Viðtal við Arnar Guðmundsson.

<sup>61</sup> Tölvupóstsamskipti við Arnar Guðmundsson.


kynferðisafbrotamálum verða m.a. gerð skil; og einnig 3-4 grunnnámskeið fyrir verðandi rannsóknarlögreglumenn sem um 100 lögreglumenn munu sækja. Þar verða framangreindum viðfangsefnum gerð skil; auk þess er stefnt að því að halda 3-4 sérnámskeiðum um kynferðisafbrot sérstaklega.

5. Lögregluskólinn mun beita sér fyrir því að á hverju ári verði tryggð þátttaka íslenskra lögreglumanna á sérnámskeiðum á vegum evrópska lögregluskólastarfsins (CEPOL) um heimilisofbeldi, ofbeldi sem beinist gegn börnum og kynferðislegt ofbeldi gegn konum.



## Niðurstöður könnunarinnar

Alls fjalla 32 námskeið í íslenskum háskólum að einhverju leyti með beinum hætti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Auk þess eru fimm námskeið í Lögregluskóla ríkisins sem koma inn á málefnið með einum eða öðrum hætti. Fjallað var með beinum hætti um um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í tæplega 3% námskeiða innan þeirra háskóladeilda sem skoðaðar voru. Námskeiðin eru jafn misjöfn og þau eru mörg. Sum þeirra fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í eina kennslustund, á meðan önnur fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum frá ýmsum hliðum og fjalla um barnavernd og aðra skylda þætti.



Í þessari úttekt hafa þegar verið nefnd fjölmörg námskeið sem teljast fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, þrátt fyrir að það sé ekki nefnt í kennsluskra eða kennsluáætlun. Það vekur upp þá spurningu hvernig þeir nemendur sem vilja fræðast um málefnið geti valið sér námskeið við hæfi. Við gerð þessarar könnunar var m.a. stuðst við viðtöl við skorarformenn og brautastjóra til þess að komast að því hvaða námskeið fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Kennsluáætlanir eru misjafnlega ýtarlegar og það er hugsanlegt að sumir viðmælendur, brautarstjórar, deildarforsetar og skorarformenn, meti að umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum innan námskeiða sé meiri en hún er í raun og veru.

Flest námskeiðanna, eða 17 af 32, eru kennd í Háskóla Íslands, enda er hann fjölmennasti háskólinn á landinu. Félagsráðgjafaskor HÍ er sú námsbraut sem fjallar

mest um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Hinsvegar tekur ekkert námskeið innan guðfræðideildar á málefnum með formlegum hætti. Því má spyrja hvort ekki sé tilefni til að bjóða nemendum í guðfræðideild HÍ upp á námskeið sem fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Háskólinn í Reykjavík er ungur háskóli. Þrjú námskeið í HR fjalla með beinum hætti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Í lagadeild HR munar mest um framlag Svölu Ólafsdóttur sem hefur látið sig þessi mál miklu varða. Það sama má segja um Ragnheiði Bragadóttur í lagadeild HÍ.

Við háskólann á Bifröst fjallar eitt námskeið um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og er það því sá háskóli sem telst hafa fæst námskeið sem fjalla um málefnið. Þess má þó geta að skólinn hét áður Viðskiptaháskólinn á Bifröst og hefur því aðrar áherslur í lagadeild sinni heldur en t.d. lagadeild HÍ.

Háskólinn á Akureyri er enn einn unglingurinn í háskólaflórinni á Íslandi. Fimm námskeið þar fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum en sum þeirra gera það einungis að takmörkuðu leyti og námsefni um viðfangsefnið virðist vera af skornum skammti.

Kennaraháskóli Íslands býður upp á sex námskeið sem fjalla um barnavernd og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Vegna eðli þeirrar menntunar sem þar fer fram, gæti það talist eðlileg krafa að allir nemendur skólans sitji a.m.k. eitt námskeið sem varðar kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og barnavernd almennt.

Lögregluskóli ríkisins býður upp á fimm námskeið sem fjalla að einhverju leyti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Samkvæmt aðgerðaráætlun 2007-2011 stendur til að bæta menntun lögregluþjóna varðandi kynferðisbrotamál á næstu árum.

Enga heildstæða áætlun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum eða barnavernd var að finna innan háskólanna. Kennsla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum virðist að mestu vera háð áhuga þeirra kennara sem þar starfa. Einnig má nefna að hvergi var vart við umfjöllun um þátt Netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

## **Háskólastig á Íslandi – hver ákveður hvað er kennt og hvað ekki?**

Það getur verið mismunandi eftir því hvaða háskóli eða deild á í hlut hvernig ákvarðanataka fer fram. Háskólarnir sjálfir hafa mikið frelsi til þess að ákveða hvað þeir kenna. Menntamálaráðuneytið semur ekki aðalnámsskrá fyrir háskólastigið eins og það gerir fyrir grunn- og framhaldsskólastigið, heldur veitir menntamálaráðherra háskólunum viðurkenningu þess efnis að þeir megi útskrifa nemendur af ákveðnum

fræðasviðum (t.d. félagsvísindum) með fyrirfram skilgreindum undirflokkum (t.d. félagsfræði). Menntamálaráðuneytið hefur síðan leyfi til þess að gera úttekt á náminu til þess að ganga úr skugga um að forsendur leyfisveitingarinnar séu enn til staðar. Það hefur hinsvegar lítið að gera með það hvort einstaka viðfangsefni, eins og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, hljóta umfjöllun eða ekki. Slíkt ætti líklega frekar heima í lögum um menntun kennara, sem segja til um hvert innihald menntunar kennara skuli vera.<sup>62</sup> Í 16. grein segir:

Í kennslustofnun í uppeldisvísindum í háskólanum skal kenna eftirtaldar greinar:

- a. lífeðlisfræði, almenna og hagnýta sálarfræði, sálarfræði barna og unglinga, heilbrigðra, geðveiklaðra, vangefinna og siðferðilega vangæfra;
- b. vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði;
- c. almenna kennslufræði og kennsluæfingar í einstökum greinum.

Hér er orðalagið þó enn á ný mjög almennt. Tilefni er til að nefna sérstaklega í lögum sem þessum að kennarar þurfi menntun varðand barnavernd og ofbeldi gagnvart börnum, þ.á.m. kynferðislegt ofbeldi.

Innan kennaradeildar Háskólans á Akureyri er skipuð námsnefnd sem samþykkir námskrá fyrir hvert kennsluár. Í námskránni kemur fram hvað á að kenna og eiga kennarar að fylgja því sem þar stendur. Innan félagsvísindadeildar Háskóla Íslands starfar deildarráð þar sem skorarformaður hvefrrar skorar á sæti og ber fram tillögur um þau námskeið sem á að kenna á hverju skólaári.

Skorarformenn, brautarstjórar og ekki síst kennararnir sjálfir semja kennsluskránnar. Kennari skilar oft sjálfur námskeiðslýsingu á því námskeiði sem hann kennir. Skorarformenn og brautarstjórar eða deildarstjórar eiga svo að hafa yfirumsjón með námi í sinni deild/braut/skor og skipuleggja þá hugsanlega kjarnanámskeiðin. Skorarformenn og brautarstjórar eru því líklega þeir aðilar sem hafa hvað mest áhrif á hvað er kennt í íslenskum háskólum.

Það sem virðist þó skipta mestu um hvort fræðsla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum fari fram, er áhugasvið þeirra kennara sem starfa við viðkomandi deild, braut eða skor. Þær deildir sem standa sig hvað best í þeirri kennslu, búa allar svo vel að hafa starfandi kennara sem hafa sérstaka þekkingu og áhuga á viðfangsefninu. Sem

---

<sup>62</sup> Lagasafn Alþingis: <http://www.althingi.is/lagas/133b/1947016.html>

dæmi má nefna Freydísi Jónu Freysteinsdóttur í félagsráðgjafarskor HÍ, Ragnheiði Bragadóttur í lagadeild HÍ, Svölu Ísfeld Ólafsdóttur í lagadeild HR og Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur í hjúkrunarfræðideild HÍ.

Glögglega má sjá að allir þessir kennarar eru kvenkyns. Fjöldi viðmælenda benti á að áhugi og umræða um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum hafi aukist mikið á undanförunum áratugum og sérstaklega mikið á allra síðustu árum. Einnig telja nokkrir að kynferðisbrot séu litin mun alvarlegri augum nú en fyrir nokkrum áratugum. Hugsanlega mætti tengja aukna vitund um alvarleika kynferðisbrota við aukna menntun og atvinnuþátttöku kvenna utan heimilisins undanfarna áratugi, en konur eru mikill meirihluti þolenda kynferðisbrota. Þó að vitund hafi aukist, þá skortir stefnu um fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í íslenskum háskólum.

## Tillögur til úrbóta

- 1. Mörkuð verði heildstæð stefna í háskólum í kennslu um barnavernd og ofbeldi gegn börnum, þ.á.m. kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.** Kennslan um þessi mikilvægu málefni er of dreifð og of tilviljanakennd eins staðan er um þessar mundir. Það mætti efla kennslu og e.t.v. ná fram nokkurri hagræðingu með því að auka stefnumörkun og samvinnu innan einstaka menntastofnanna.
- 2. Háskóladeildir bjóði námskeið þar sem fjallað er um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sérstaklega og það komi fram í kennsluskrá.** Skorarformenn og brautarstjórar eru í lykilstöðu til að hafa áhrif á hvað er kennt í þeirra skor eða braut. Kennsluskrár háskólanna eru líklega áhrifamesta tækið þegar kemur að því að ákveða hvað er kennt og hvað ekki.
- 3. Rannsóknir um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum verði eflar.** Kennsla á háskólastigi fer að miklu leyti eftir áhuga, þekkingu og fyrri rannsóknum þeirra kennara sem starfa við deildina. Auknar rannsóknir varðandi kynferðislegt ofbeldi leiða því til aukinnar umfjöllunar í kennslu bæði með beinum og óbeinum hætti. Slíkar rannsóknir ættu að vera á vegum félagsmálayfirvalda, menntamálayfirvalda og háskólanna.

**4. Útgáfa á íslensku efni um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum verði aukin.**

Framboð á námsefni er grundvöllur þess að kennsla geti farið fram. Einnig þarf að kynna efnið fyrir háskólunum og gera þeim það aðgengilegt.

**5. Aukin samvinna háskóla og frjálsra félagasamtaka.**

Frjáls félagasamtök sem hafa sérstaklega unnið með kynferðislegt ofbeldi gegn börnum búa gjarnan yfir mikilli sérþekkingu og reynslu sem gæti nýst vel í kennslu á háskólastigi. Bæði gætu kennarar nýtt sér það efni sem til staðar er sem og sérþekkingu starfsmanna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vona að könnun þessi vekji forsvarsmenn viðkomandi deilda í háskólunum til umhugsunar um áherslur og kennsluhætti deildanna varðandi barnavernd og ofbeldi ábörnum ekki síst kynferðislegt ofbeldi og leiði til þessa að kennsla í þessum málaflokki verði eflað þar sem þörf er á.

# Heimildir

Eftirtaldir aðilar veittu viðtal eða tilsvör í gegnum tölvupóst vegna könnunarinnar og hljóta sérstakar þakkir fyrir.

## Háskóli Íslands

Árni Kristjánsson, dósent við sálfræðiskor – Samskipti í gegnum tölvupóst, 9. júní – 6. júlí 2007.

Ásgeir Haraldsson, prófessor við læknadeild – Viðtal, 13. júní 2007.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir, deildarforseti hjúkrunarfræðideildar – Viðtal, 29. júní 2007.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir, lektor við félagsráðgjafarskor – Viðtal, 21. júní 2007.

Guðný Guðbjörnsdóttir, skorarformaður uppeldis- og menntunarfræðiskorar – Viðtal, 4. júlí 2007.

Helgi Gunnlaugsson, skorarformaður félagsfræðiskorar – Viðtal, 22. júní 2007.

Jón Friðrik Sigurðsson, dósent við læknadeild – Viðtal, 8. ágúst 2007.

Pétur Pétursson, prófessor við guðfræðideild – Viðtal, 14. júní 2007.

Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild – Viðtal, 19. júní 2007.

Sif Einarsdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf – Viðtal, 13. júní 2007.

Sigurlína Davíðsdóttir, dósent við uppeldis- og menntunarfræðiskor – Samskipti í gegnum tölvupóst, 15. ágúst 2007.

## Háskólinn á Akureyri

Ágúst Þór Árnason, verkefnisstjóri félagsvísinda- og lagadeildar. Samskipti í gegnum tölvupóst 5. júlí – 8. ágúst 2007.

Birgir Guðmundsson, lektor við félagsvísinda- og lagadeild – Viðtal, 18. júní 2007.

Guðrún Pálmadóttir, brautarstjóri iðjuþjálfunarbrautar – Samskipti í gegnum tölvupóst 13. júní – 8. ágúst 2007.

Hafdís Skúladóttir, lektor við heilbrigðisdeild – Viðtal, 15. júní 2007.

Halldóra Haraldsdóttir, settur brautarstjóri leikskólabrautar – Viðtal, 18. júní 2007.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, brautarstjóri framhaldsbrautar – Viðtal, 18. júní 2007.

María Steingrímisdóttir, brautarstjóri grunnskólabrautar – Viðtal, 18. júní 2007.

### **Háskólinn á Bifröst**

Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðaarrektor og forseti lagadeildar. Samskipti í gegnum tölvupóst 7. júní – 9. ágúst 2007.

Jón Ólafsson, forseti félagsvísindadeildar. Samskipti í gegnum tölvupóst 7. júní – 5. júlí 2007.

### **Háskólinn í Reykjavík**

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, aðjúnkt í kennslufræði- og lýðheilsudeild – Viðtal, 4. júlí 2007.

Chien Tai Shill, verkefnastjóri í kennslufræði- og lýðheilsudeild – Viðtal, 4. júlí 2007.

Jóna K. Kristinsdóttir, skrifstofustjóri lagadeildar – Viðtal, 20. júní 2007.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, lögfræðingur við lagadeild – Viðtal, 25. júní 2007.

### **Kennaraháskóli Íslands**

Ann Helen Odberg, lektor við íþróttufræðibraut – Samskipti í gegnum tölvupóst 11. júlí – 8. ágúst 2007.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu – Viðtal, 2. ágúst 2007.

Guðrún Kristinsdóttir, prófessor – Samskipti í gegnum tölvupóst 14. júní – 9. ágúst 2007.

Jónína Sæmundsdóttir, lektor – Samskipti í gegnum tölvupóst 27. júlí – 3. ágúst 2007.

Sigurður Konráðsson, forstöðumaður kennarabrautar – Viðtal, 12. júní 2007.

Vilborg Jóhannsdóttir, lektor við þroskaþjálfabraut – Samskipti í gegnum tölvupóst 7. júní – 8. ágúst 2007.

### **Löggluskóli ríkisins**

Arnar Guðmundsson skólastjóri lögregluskólans – Viðtal, 19. júní 2007.

## **Kennsluskrár háskólanna**

### **Háskóli Íslands:**

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=-2007&kennsluar=2007>

**Háskólinn á Akureyri:**

<http://www.unak.is/?d=4&m=page&f=viewPage&id=299>

**Háskólinn á Bifröst:**

[www.bifrost.is](http://www.bifrost.is)

**Háskólinn í Reykjavík:**

<http://www.ru.is/?PageID=2196>

**Kennaraháskóli Íslands:**

<https://ugla.khi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=-2007&kennsluar=2007>

**Lögregluskóli ríkisins:**

[http://www.logreglan.is/embaettin.asp?cat\\_id=75](http://www.logreglan.is/embaettin.asp?cat_id=75)



## Viðauki

**Fjöldi námskeiða sem fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í hverjum skóla:**

Háskóli Íslands	17
Háskólinn í Reykjavík	3
Háskólinn á Akureyri	5
Háskólinn á Bifröst	1
Kennaraháskóli Íslands	6
Lögregluskóli ríkisins	5
<b>Samtals</b>	<b>37</b>

**Listi yfir námskeið sem fjalla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum eftir skóla og námsbraut:**

**Háskóli Íslands – 17 námskeið**

### **Félagsfræðiskor**

Námskeið: Félagsfræði frávikshegðunar (10.04.04)

Námskeið: Afbrotafræði (10.04.21)

### **Félagsráðgjafarskor**

Námskeið: Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum (10.06.09)

Námskeið: Velferð barna – Barnavernd (10.06.20)

Námskeið: Félagsmálalöggjöf III (10.06.41)

Námskeið: Fjölskyldur og fjölskyldustefna (10.06.13)

## **Uppeldis- og menntunarfræðiskor**

Námskeið: Fjölskyldan í nútímasamfélagi (10.03.32)

## **Náms- og starfsráðgjöf**

Námskeið: Persónulegir og félagslegir erfiðleikar nemenda (10.30.08)

Námskeið: Starfsþjálfun (10.30.09)

## **Hjúkrunarfræðideild**

Námskeið: Heilsugæsla samfélagsins (11.14.14-016)

Námskeið: Klínísk færni í fjölskylduhjúkrun (11.16.74)

Námskeið: Fjölskylduvernd (11.16.86)

## **Lagadeild**

Námskeið: Kvinnaréttur (03.04.26)

Námskeið: Refsiréttur II (03.03.25)

Námskeið: Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvinnaréttar (03.04.16)

## **Læknadeild**

Námskeið: Barnalæknisfræði (02.01.55)

## **Sálfræðiskor**

Námskeið: Réttarsálfræði (10.02.57)

## **Háskólinn á Akureyri – 5 námskeið**

### **Hjúkrunarfræði**

Námskeið: Barnahjúkrun (BHJ0105)

Námskeið: Barneignir, heilbrigði kvenna og fjölskyldunnar (BKS0104)

### **Iðjuþjálfun**

Námskeið: Iðjuþjálfun barna og unglinga (IBU0103)

### **Leikskólabraut**

Námskeið: Leikskólafræði VIII: Deildarstjórnun (LSK0853)

### **Sálfræðibraut**

Námskeið: Klínísk sálfræði (KLÍ0175)

## **Háskólinn á Bifröst – 1 námskeið**

### **Lagadeild**

Námskeið: Opinbert réttarfar

## **Háskólinn í Reykjavík – 3 námskeið**

### **Lagadeild**

Námskeið: Refsiréttur (L-402-REFS)

Námskeið: Afbrotufræði (L-809-CRIM)

### **Kennslufræði og lýðheilsudeild**

Námskeið: Inngangur að lýðheilsu og aðferðum lýðheilsufræðinnar (E-711-ILAL)

## **Kennaraháskóli Íslands – 6 námskeið**

### **Kennarabraut**

Námskeið: Barn, fjölskylda, barnavernd (24.01.50)

Námskeið: Barnavernd – Hvað er börnum fyrir bestu (39.00.03)

Námskeið: Félagsfræði fjölskyldna (20.12.42)

### **Þroskaþjálfing og tómsundabraut**

Námskeið: Þroskaþjálfing og vinnubrögð II (26.72.56)

Námskeið: Afbrotufræði (49.01.51)

### **Íþrótt- og heilsuþjálfing**

Námskeið: Vöxtur og þroski barna og unglunga (28.10.13)

## Lögregluskóli ríkisins – 5 námskeið

Námskeið: Lögreglufræði

Námskeið: Lög og reglur

Námskeið: Lögreglurannsóknir II

Námskeið: Rannsókn kynferðisbrota

Námskeið: RLM-1/VSTJ-1

### Listi yfir námsefni varðandi kynferðislegt ofbeldi gegn börnum

Hér á eftir er listi yfir það námsefni/námsefni sem kennt er í námskeiðunum sem nefnd hafa verið í rannsókninni og fjallar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

#### Bækur og greinar

*Afbrot og refsíábyrgð* I, II og III.

Anni G. Haugen (1999). Barnaverndarstofa. *Uppeldi*, 12 (2), 18-19.

Anni G. Haugen 2004. Norræn samanburðarrannsókn um beitingu úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar. Félagsráðgjafablaðið, 1.tbl. 9. árg., bls. 21 – 25.

Barker, J. og Hodges, D. (2004). *The child in mind: A child protection handbook*. New York: Routledge.

Burn, M.F. og Brown, S. (2006). A review of the cognitive distortions in child sex offenders: An examination of the motivations and mechanisms that underlie the justifications for abuse. [Rafræn útgáfa]. *Aggression and violent behavior*, 11, 225-236.

Bragi Guðbrandsson (1995). Vanmáttug barnavernd – nauðsynlegar úrbætur. *Ritröð Barnaheilla*, 1, 34-39.

Catherin, I (2000). Incest, „paedophilia”, pornography and prostitution. Conceptualizing the connection. Í C. Itzin (Ritstjóri). *Home, truths about child sexual abuse influencing policy and practice a reader* (bls. 87-100). London: New York Routledge.

Chang, J.C. (2005). Health Care Interventions for Intimate Partner Violence: What Women Want. *Women's Health Issues*, 15, 21-30.

Colman, R.A., & Widom, C. S. (2004). Childhood abuse and neglect and adult intimate relationships: a prospective study. *Child Abuse and Neglect* 28, 1133-1151.

David, Tricia, 1993. *Child protection and early years teachers, coping with child abuse*. Buckingham, Open University Press. Kaflar 12, 13, og 15.

Dubowitz & DePanfilis (Ed.) (2000). *Handbook for Child Protection Practice*.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir (2006). Konur sem lifa í stöðugum ótta: Hjúkrun gegn ofbeldi. Í Helga Jónsdóttir (Ritstj.), *Frá innsæi til inngripa. Þekkingarþróun í hjúkrunar og ljósmóðurfraði* (bls. 107-124). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir (1999). Ofbeldi í fjölskyldum. Að búa við vanlíðan af hendi sinna nánustu. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 3, 75, 153-157.

Freydís J. Freysteinsdóttir. (2005). Áhættuþættir ofbeldis og vanrækslu barna. Í Dagný Kristjánsdóttir, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, Rannveig Traustadóttir og Þórhallur Örn Guðlaugsson. *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (bls. 135-142). Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2004). Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: Helstu áhættuþættir. Í Rannsóknir í félagsvísindum V, Friðrik H. Jónsson (ritstj.), bls. 315-324. Reykjavík: Háskóla útgáfan.

Freydís. J. Freysteinsdóttir. Samræmi skilgreininga á hugtakinu barnavernd. Tímarrit félagsráðgjafa, 1, 63 – 72.

Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir (2005). Andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi: Sögulegt samhengi og forvarnir. Í Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands: Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna. Reykjavík: Höfundar.

Gerður Kristný (2005). Myndin af pabba: Saga Thelmu.

Guðrún Kristinsdóttir. 2001. *Barnavernd. Kennsluefni*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands. Til sölu í sérhefti í bóksölu.

Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir. 2005. *Rannsóknin Þekking barna á ofbeldi á heimilum. Lýsing á verkefni*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands. Handrit.

Helgi Gunnlaugsson og J. F. Galliher (2000). *Wayward Icelanders: Punishment, Boundary Maintenance and the creation of crime*. University of Wisconsin Press.

Hrefna Friðriksdóttir (1995). Börn og réttarkerfið – Viðhorf og staða barna. *Ritröð Barnaheilla, 1*- 55-59.

Hremmingar, viðtöl um nauðgun, rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og gefin út af Máli og menningu 1988.

Hyman, B. (2000). The economic consequences of child sexual abuse for adult lesbian women. *Journal of Marriage and Family*, 62, 199-211.

Jónatan Þórmundsson: Viðurlög við afbrotum, II. Kafli í tíunda þætti.

Kahr, B. (1991). The sexual molestation of children: Historical perspectives. *The Journal of Psychohistory*, 19(2), 191-214.

Kay, J. 2003. *Protecting children*. 2nd ed. New York, London, Continuum, bls. 47 - 69. Í greinahefti til sölu í bóksölu.

Kolbrún Sævarsdóttir: Réttarstaða brotaþola. Rit háskólans á Bifröst.

„Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum“. Skýrsla unnin af Svölu Ólafsdóttur, lögfræðingi, fyrir Umboðsmann barna. Apríl 1997.

„Löfgaldur til að stunda kynlíf“. Grein sem byrtist í Morgunblaðinu 24. október 2003.

Maternity & women's health care, 8. edition, Lewdermilk og Perry, Mosby, 2004.  
(kafla 1 og 6)

McFarlane, J. o.fl. (2005). Intimate Partner Sexual Assault Against Women: Frequency, Health Consequences, and Treatment Outcomes. *The American College of Obstetricians and Gynecologists*, 105, (1) 99-108.

Messman-Moore, T.L., & Brown, A.L. (2004). Child maltreatment and perceived family environment as risk factors for adult rape: Is child sexual abuse the most salient experience? *Child abuse and neglect*, 28, 1019-1034.

Miller-Perrin, C.L. og Perrin, R.D. (2007). *Child Maltreatment: An Introduction*.  
Kafli 4, bls. 111-139. London: SAGE publications.

Newman, D.M. og Graueholz, L. (2002). *Sociology of Families*. Kafli 10. Intimate Violence. Bls. 395-436. London: Pine Forge Press.

Nielsen, Beth Grothe: *Straffesystemet i børneperspektiv – seksuelle overgreb mod børn i familien*. Kaupmannahöfn 2001.

Nolen-Hoeksema, S. (2007). *Abnormal psychology* (4. útgáfa). Boston McGraw-Hill.  
(Ein blaðsíða í kafla 16).

Thio, Alex (2006). *Deviant Behavior*. 8. útgáfa, Pearson. (kafla 5)

Ragna Björg Guðbrandsdóttir (1999). Rannsóknarviðtal í Barnahúsi – nokkur atriði sem gera rannsókn kynferðisbrota erfiða. *Ritröð Barnaheilla*, 4, 69-75.

Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*. Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2006.

Reid, Sue Titus (2006). *Crime and Criminology*, 11. útgáfa. McGraw-Hill.

Shaffer, David R.: *Developmental psychology. Childhood and adolescence*. Wadsworth, London 2006.

Siegel, Larry J., (2006). *Criminology: Theories, patterns and typologies*. Wadsworth/Thomson.

Sirotnak, A. P., & Krugman, R. D. (1994). Physical abuse of children: An update. *Pediatrics in Review*, 15(10), 394-399.

Vigdís Erlendsdóttir (1999). Barnahús: Hlutverk þess og starfsemi. *Ritröð Barnaheilla*, 4, 63-67.

## **Annað**

Þingmannafrumvarp til laga um breytingu á alm. hgl. (fyrningarfrestur vegna kynferðisbrota gegn börnum), 133. löggjafarþing 2006-2007, þingskjal 304, 291 (mál 5).

Kvikmyndin „Anklaget” frá árinu 2005.

Lög - meðal annars: Lög og síðasta frumvarp til laga um barnavernd á Netinu <http://www.stjornartidindi.is/servlet/stjrtid/A/2002/80.pdf>

Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994



<http://www.althingi.is/lagas/131a/1994083.html> (sjá einnig heimasíðu embættisins <http://www.barn.is/page.asp?id=6&pid=0> )

Barnaverndarlög, ársskýrslur Barnaverndarstofu, ljósrit af glærum.

Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála: Ríkislögreglustjórinn 16. október 2005.

Ljósrit um áfallahjálp: Borghildur Einarsdóttir og Rudolf Adolfsson.

Reglugerð nr. 264/1995 um Barnaverndarstofu.

Reglugerð nr. 271/1995 um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga.

Lög nr. 83/1994 um umboðsmann barna.

Samningur SP um réttindi barnsins.

Leiðbeiningar ríkissaksóknara um rannsókn nauðgunarmála.

Fyrsti maður á vettvang: Kennsluhandrit lögregluskólans.

Reglur embættis Ríkislögreglustjórans um haldlagningu og meðferð sönnunargagna.

Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu frá árinu 2002.

Leiðbeiningar um rannsókn nauðgunarmála.

Reglugerð 321/1999 um tilhögun skýrslutöku af brotþola yngri en 18 ára fyrir dómi.

Frumvarp til laga um breytingu á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga.

Barnaverndarlög 80/2002 og barnalög 76/2003,

Vettvangsferðir.

Fyrirlestrar, barnalög, barnaverndarlög.

Lög um meðferð opinberra mála (VII. opl.).

Dómar Héraðsdóms Reykjavíkur, m.a:

Mál Ágústs Magnússonar: S-3593/2003.

Ákærvaldið gegn A: S-1233/2005.

Ákærvaldið gegn Birgi Hrafni Hallgrímssyni: S-615/2006.

Dómar Hæstaréttar, m.a.:

Mál nr. 416/2003

Mál nr. 32/2004

Mál nr. 334/2004